

Úttekt
Vinsælustu
kynlífstæki
á Íslandi

14. FEBRÚAR 2020 / 7. TBL. 110. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

**Áföll á
Eyrarbakka**

**Lömun, heilablóðfall,
heilahristingur og leki**

DV

STJÖRNUBÖRNIN SKÍNA SKÆRT

Darri

LIFIR Á LEIKLISTINNI Í BORG ENGLANNA



**BJÓ VIÐ
HROTTALEGT
OFBELDI**

■ Ber lögregluna í
Eyjum þungum sökum

Hiti í Hafnarfirði



„Ábyrgðarleysi
bæjaryfirvalda“

■ Óttast um heilsu
barna á bókasafninu



Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis

Bílasmiðurinn hf. Bildshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmiðurinn.is - bilasmiðurinn@bilasmiðurinn.is

Webasto
Feel the Drive



Fleyg orð

„Því meira sem við reiðum okkur á eignir, því minna reiðum við okkur á okkur sjálf.“

– Bruce Lee

Á þessum degi, 14. febrúar



1942 – Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (BSRB) var stofnað á Íslandi.



1945 – Sýning var opnuð á málverkum Jóhannesar Kjarvals í Listamannaskólanum í Reykjavík.



2003 – Ærin Dolly, fyrsta klónaða spendýrið, drapst.



2005 – Stórvefurinn YouTube fór í loftið.



2015 – Maður hóf skothríð í menningarhúsi í Kaupmannahöfn.

Íslenskt flöskuskeyti fannst eftir níu mánuði í sjónum



Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is

Plouhinec. Ljósmynd/Wikipedia

Flöskuskeyti sjö ára íslenskrar stúlku ferðaðist mörg þúsund kílómetra áður en það fannst við strendur norðvesturhluta Frakklands. Amma stúlkunnar kveðst gátuð yfir því hversu langt skeytið náði en níu mánuðir liðu þar til svar barst til Íslands frá Frakklandi.

Hin 7 ára gamla Emelía Rós var í heimsókn hjá ömmu sinni, Kristbjörgu Sigurvinsdóttur, þegar upp kom sú hugmynd að senda flöskuskeyti. Franski miðilinn Le Télégramme ræddi við Kristbjörgu á dögunum.

„Ég ætlaði ekki að trúá þessu,“ segir Kristbjörg en skeytinu var hent í sjóinn við strendur Íslands þann 17. mars í fyrra.

„Emelía var í heimsókn hjá mér í Kópavoginum og við fórum í fjöruferð á Kársnes. Okkur finnst æðislegt að vera í fjörunni og leita að kröbbum og skeljum,“ segir Kristbjörg og bætir við að þarna hafi kviknað hjá þeim hugmyndin um henda flöskuskeyti í sjóinn og bíða svo og sjá hvort að það myndi. Þegar heim var komið skrifuðu þær litla orðsendingu á miða og komu blaðinu fyrir í flösku. Í skeytinu kom fram heimilisfang Kristbjargar og báðu þær viðtakandann um að senda þangað svar.

Það vildi svo til að afi Emelíu var á leið á veiðar á bátnum sínum og tók hann að sér að fleygja flöskuskeytinu í hafið á Faxaflóa.

„Ég verð að viðurkenna að ég var með örliðið samvískubit yfir því að vera að henda plastflösku í sjóinn,“ segir Kristbjörg, en hún segist í staðinn hafa heitið því að vera enn duglegri en áður við að hirða rusl á gönguferðum sínum.

Það var síðan í byrjun janúar síðastliðinn að Kristbjörgu barst bréf frá frönskum manni, Jean Marc, og konunni hans. Þau hjónin höfðu verið í gönguferð á ströndinni við bæinn Plouhinec á suðvesturhorni Bretagne þegar þau fundu flöskuna frá Íslandi.



Emelía Rós og Kristbjörg.
Ljósmynd/Le Télégramme

Kristbjörg segir þær stöllur í skýjunum yfir því að flöskuskeytið hafi fundist. „Okkur langar að þakka Jean Marc og konunni hans fyrir að svara okkur,“ segir Kristbjörg en hún kveðst einnig vera þakklát þeim hjónum fyrir að láta sér annat um umhverfið og taka upp flöskuna í stað þess að hunsana hana eins og hvert annað rusl.

Þær Kristbjörg og Emelía Rós rökту leið skeytisins á heimskorti. „Við erum ennþá gáttaðar á því hvernig skeytið gat endað þarna í Bretagne. Satt að segja þá átti ég von á að skeytið myndi reka á land einhvers staðar skammt í burtu, í fjörunni á Íslandi,“ segir Kristbjörg jafnframt en þær stöllur eru ákveðnar í að heimsækja Plouhinec í nánustu framtíð. ■

5 Íslendingar sem voru sakaðir um lagastuld

Drama vegna Debut

Árið 1995 var mál dómtekið í London á milli tónlistarfólksins Simons Lovejoy og Bjarkar Guðmundsdóttur. Lagði Lovejoy fram kærú á hendur Björk fyrir lagastuld vegna fyrstu sóló-breidskífu hennar, Debut. Björk hafði að lokum sigur í málinu og greiddi breska ríkið málskostnað Lovejoy.



Undir áhrifum Rihönnu

Í fyrravor myndaðist mikil umræða um gifurleg líkindi með lagi Fríðriks Ómars í Söngvakeppni Sjónvarpsins og laginu Love on the Brain sem Rihanna gerði vinsælt árið 2016. Fríðrik Ómar kippti sér lítið upp við þessa umræðu. Hann komst þó ekki áfram það árið.

Enginn eins og hann

Við upphaf þessa árs veltu margir fyrir sér líkindum lagsins Enginn eins og þú, eftir Auðun Lúthersson, og lagsins On My Mind með hljómsveitinni Leisure. Auðunn er betur þekktur undir nafninu Auður en umrætt lag var gefið út í júlí 2019 og naut mikilla vinsælda hér á landi. Lag Leisure var gefið út í apríl á sama ári en lögin eru keimlík að mati margra netverja.



Millikafli að láni?

Þegar Selma Björnsdóttir keppti í Eurovision árið 2005 með lagið If I Had Your Love þótti mörgum ekki ólíklegt að millikafli lagsins væri beint tekinn úr laginu We Are All to Blame með hljómsveitinni Sum 41. Selma tjáði sig um málið á þessum tíma og taldi þetta vera bæði fráleitt og tilviljanakennt.

Segðu mér allt

Birgitta Haukdal var einnig á meðal íslenskra Eurovision-þátttakenda sem lentu undir smá-sjónni vegna meints lagastulds. Þetta var árið 2003 þegar lagið Open Your Heart var framlag okkar Íslendinga og þótti fulllíkt laginu Right Here Waiting eftir bandaríska tónlistarmanninn Richard Marx. Úrskurðarnefnd STEF hafnaði að lokum þessum líkindum.



MATAR HJALLINN

Heimilismatur

Allir réttir á 1.995 kr.
Börn 12 ára og yngri 995 kr.



Opið alla virka daga milli 7:30 - 14:30.

Á hverjum degi bjóðum við upp á fjóra mismunandi rétti, tvo kjöt-, einn fisk- og einn grænmetisrétt. Með öllum réttum fylgir kaffi, nýbakað brauð og súpa dagsins. Finndu okkur á facebook til þess að sjá matseðilinn.

- Heimsendingar fyrir hópa 10+ ■ Fyrirtækjapantanir: matarhjallinn@matarhjallinn.is
- Engihjalla 8, Kópavogur ■ Sími 556 0200 ■ Matarhjallinn á facebook

Hver er hún



■ Hún er fædd á Selfossi árið 1965.

■ Hún stundaði nám við frumgreinadeild Háskólans á Bifröst og er með BS-próf í viðskiptalögfræði.

■ Hún hefur látið gott af sér leiða sem blómaskreytir og garðyrkju- maður.

■ Hún var formaður innkaupa- ráðs Reykjavíkurborgar árin 2008–2009.

■ Hún var lögfræðingur hjá Alþýð- usambandi Íslands á sömu árum.

VAR: VIGDÍS HÁUKSDÓTTIR

Það er staðreynd að...



Um 9 milljónir manna deila sama afmælisdegi og þú.



Volvo þýðir „Ég snýst“ á latínu.



Al Capone kynnti sig sem hús- gagnasölu mann.



Einn af hverjum tveimur milljörðum manna nær 116 ára aldri.



Vasadiskóið varð til árið 1979.



Slagur um sveppinn

■ Segir börnum boðið upp á heilsuspillandi umhverfi
■ Bærinn segir rannsóknir sýna að engin mygla sé til staðar

Yfirmönnum safnsins og bæjaryfirvöld- um hefur lengi verið fullkunnugt um að barnadeildin á Bókasafni Hafnar- fjarðar sé full af myglu,“ segir starfs- maður Bókasafns Hafnarfjarðar sem vill ekki koma fram undir nafni af ótta við að missa starf sitt.

Mikil veikindi starfsmanna

Bókasafn Hafnarfjarðar er með stærri bókasöfnum landsins, en húsnæðið hefur lengi verið krökkt af myglu en mismikið hef- ur verið gert vegna þess. Tónlistardeildin var öll tekin í gegn fyrir nokkrum árum, sem og 2. hæð safnsins. Starfsmaðurinn segir að allt kapp hafi verið lagt á að halda ástandi hússins, og þá sérstaklega ástandinu á barna- deild, leyndu.

„Það er kominn nýr forstöðumaður, Sig- rún Guðnadóttir, sem tók við af Óskari Guð- jónssyni í haust. Vonandi mun Sigrún koma með ferska vinda og tækla vandamálin í stað- inn fyrir að leggja alla áherslu á að leyna þeim. Hún er í það minnsta mjög ákveðin yfirmað- ur.“

Mygla er hættuleg heilsu fólks og segir starfsmaðurinn að mikil veikindi starfsmanna síðustu ár staðfesti að eitthvað sé ekki í lagi við húsakost safnsins.

„Reynt er að fela mygluna á barnadeildinni en auðvelt er að sjá bólgna veggi á bak við hill- ur og í tveimur bakherbergjum. Loftið þarna inni er slæmt og það er mikið ábyrgðarleysi fyrrverandi forstöðumanns og bæjaryfir- valda að hafa lítið sem ekkert gert til að laga ástandið á barnadeild. Það er búið að bjóða leikskólabörnum og öðrum börnum upp á húsnæði sem er uppfyllt af myglu svo árum skiptir og það er hreinlega ótrúlegt að þetta skuli hafa viðgengist svona lengi. Af hverju var tónlistardeildin lögð í hvelli en ekki barna- deildin? Þetta er með ólíkindum.“

Minnst á myglu í starfsáætlunum

Fullyrðing starfsmannsins um myglu í hús- næðinu virðist fá nokkra staðfestingu í starfs- áætlunum Hafnarfjarðar í menningar- og ferðamálum undanfarin ár. Í áætlun fyrir árið 2020 segir:

„Nauðsynlegt er að hlú vel að viðhaldi safnabyggingar BH og eftirlit með athygli og áherslum á heilsusamlegt starfsumhverfi. Átaks er þörf í viðhaldsmálum til að glíma við vanda vegna raka og myglu í byggingunni. Þó að einhverjar úrbætur voru gerðar 2019 má gera enn betur. Huga þarf að breyttu húsnæði fyrir BH [Bókasafn Hafnarfjarðar].“

Svipað orðalag var að finna í áætlun fyrir árið 2018:

„Nauðsynlegt er að hlú vel að viðhaldi safnabyggingar BH og eftirlit með athygli og áherslum á heilsusamlegt starfsumhverfi. Átaks er þörf í viðhaldsmálum til að glíma við



vanda vegna raka og myglu í byggingunni.“

Mygluvandi og heilsufarsvandamál sem honum fylgir hafa mikið verið til umræðu í samfélaginu undanfarin ár. Einstaklingar hafa lýst ýmsum kvillum sem þeir rekja til myglu- svepps í húsnæði. Skiptar skoðanir eru þó um hvort það sé sveppurinn sjálfur sem veik- indunum valdi eða samanbland ólíkra þátta sem fylgi raka og geta haft neikvæð áhrif á loft- gæði innanhúss. Auk sveppa gætu það verið bakteríur, útgufun frá byggingarefnum, niður- brotsefni, lífveruagnir og fleira. Hluti barna og fullorðinna glímur einnig við sveppaofnæmi og reynist þeim einstaklingum sérstaklega þungbært að búa með svepp í nærumhverfi sínu.

Mælingar leiddu í ljós að mygla sé ekki til staðar

DV hafði samband við samskiptafulltrúa

Einkenni sem hafa verið tengd við myglu- svepp eru til dæmis:

- Einkenni frá öndunarfarum svo sem hósti, astmi, nefrennsli, slímþólga, bólgá í ennis- og kinnholum, lungnabólga, eyrna- bólga og fleira
- Flensueinkenni
- Liðverkir
- Endurtekna sýkingar
- Preyta, orkuleysi og svefnvandamál

- Höfuðverkur
- Tannverkur
- Eyrnaverkir, hella og suð
- Einkenni frá meltingarvegi svo sem upp- köst, niðurgangur, meltingartruflanir
- Hárlós
- Hjartsláttartruflanir
- Minnisleysi
- Doði
- Sjóntruflanir

Hafnarfjarðar og óskaði eftir viðbrögðum við frásögn starfsmannsins. Í svari kemur fram að óháður aðili hafi verið fenginn til að taka út húsnæðið og niðurstaðan hafi sýnt fram á að þó svo vísbendingar hafi fundist um raka í veggjum sé ekki að finna myglu í húsnæðinu. Svar Hafnarfjarðarbæjar var eftirfarandi:

„Takk kærlega fyrir að hafa samband og gefa okkur tækifæri til að lagfæra þennan misskilning sem virðist gæta hér. Sannar- lega var farið í skoðun á húsnæði Bókasafns Hafnarfjarðar síðastliðið haust þegar upp kom grunur um myglu. Óháður aðili, Verkís, var fenginn til að taka sýni og leiddu niður- stöðu í ljós að engin mygla er í húsnæðinu en vísbendingar um raka í veggjum. Aðgerða- áætlun hefur verið í gangi frá því að mælingar áttu sér stað varðandi lagfæringar á húsnæði til að laga og koma í veg fyrir raka í veggjum. Þannig hafa iðnaðarmenn verið að störfum við viðgerðir og málun, á þetta jafnt við um allar deildir m.a. barnadeild.

Niðurstöður sýnatöku voru orðrétt eftirfarandi:

Loftsýni

Niðurstöður allra loftsýna eru í góðu lagi og ekki þarf að grípa til aðgerða vegna þeirra.

Snertisýni

Niðurstöður snertisýna eru í góðu lagi og ekki þarf að grípa til aðgerða vegna þeirra.“ ■

Er þitt fyrirtæki búið að skrá upplýsingar um raunverulegan eiganda?

Á grundvelli laga nr. 82/2019 um skráningu raunverulegra eigenda þurfa allir lögaðilar sem stunda atvinnurekstur hér á landi eða eru skráðir í fyrirtækjaskrá að skrá raunverulega eigendur sína inn á þjónustuvef Skattsins, ***www.skattur.is***

Frestur til skráningar er til

1. mars 2020

Að fresti loknum leggjast dagsektir á þá aðila sem ekki hafa skilað.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Skattsins, ***www.rsk.is/raunverulegur***



„Ekki gert af hefndarhug eða til þess að særa“

■ Nína bjó til vettvang fyrir íslenskar konur til að deila hryllingssögum af stefnumótaforritum ■ Dæmi um viðbjóðslegar og ógnvekjandi sögur ■ Hefur fengið fjórar hótanir um málsókn

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



„ljósi metoo-byltingarinnar og opinberunum um kynferðislegt ofbeldi er frábært að geta styrkt böndin milli okkar með því að sýna umhyggju fyrir náungum og vonandi verndað næstu konu fyrir svona upplifun,“ segir Nína Eck sem í október 2018 stofnaði hóp á Facebook þar sem íslenskum konum býðst að deila slæmum reynslusögum af Tinder, sem og öðrum stefnumótaforritum.

Nína hefur síðan þá fengið nokkrar hótanir um lögsókn frá mönnum sem koma fyrir í sögum á síðunni. Byggja hótanirnar á því að umræddar nafn- og myndbirtingar brjóti í bága við persónuverndarlög. Nína stendur þó fast á sínu og segir mikilvægt að íslenskar konur hafi vettvang til að deila reynslu sinni hver með annarri. Hún leggur áherslu á að sögur sem fela í sér ásökun um glæp séu ekki birtar á síðunni.

Hyggjast herða öryggisráðstafanir

Stefnumótaforritið Tinder kom á markað árið 2012 og hefur notið sívaxandi vinsælda á meðal einhleypra Íslendinga í leit að félagsskap og hugsanlega lífsförunaut.

Þegar stofnaður er aðgangur á forritinu er nýr notandi beðinn um að gefa upp aldur, staðsetningu og hvaða kyni hann hefur áhuga á. Öryggi notenda er þó ekki fyllilega tryggt á miðlinum og auðvelt er að sigla þar undir fölsku flaggi. Þá eru engar kröfur gerðar til notenda um að gefa upp upplýsingar um til dæmis sakaferil. Fyrr á árinu tilkynntu forsvaramenn Tinder að til stæði að bjóða notendum aðgang að neyðarhnappi í forritinu, sem mun þá gera þeim kleift að gera yfirvöldum viðvart ef þeir telja sig vera í hættulegum aðstæðum.

Viðbjóðslegar frásagnir

Á síðunni Stöndum saman – Stefnumótaforrit má í dag finna hundruð frásagna íslenskra kvenna. Frásagnirnar eru ýmist undir nafni eða ekki. Nína tekur fram að hún sé stofnandi hópsins en hún sé þó ekki umsjónarmaður síðunnar, hún komi ekki



„Við erum að kalla á hjálp, við erum að biðja um úrlausnir.“

að inngöngubeiðnum í hópinn og stýri heldur ekki umræðunni sem þar fer fram.

Þess eru dæmi að konur greini frá „gervimönnum“ sem þær hafa komist í kynni við á miðlinum. Þá eru mörg dæmi um að konur deili skjáskotum af skilaboðum sem þær hafa fengið send frá karlmönnum, skilaboðum sem eru vægast sagt ógeðfæld.

Af hverju stofnaðir þú þennan hóp?

„Ég lenti í því að maður sem ég kynntist á stefnumótaforriti kom mjög óþægilega fram við mig og setti mig í mjög óþægilega stöðu með kröfu og bön um kynferðislegar athafnir sem ég var alls ekki tilbúin í. Það hvarflaði að mér, eins og það hefur gert mjög oft áður, að það væri mögulega bara auðveldara að segja já og þola við, í staðinn fyrir að standa upp fyrir sjálfri mér. Daginn eftir hugsaði ég með mér að þessi maður sæi mig líklega bara sem einn fiskinn sem slapp úr netinu. Hvað hefur hann gert þetta við margar konur og hvað á hann

eftir að gera þetta við margar í viðbót? Fólk sem er virkt á stefnumótaforritum verður að vera með aðgengilegar viðvaranir, því að svona manneskjur fá bara að halda gangi sínum áfram svo lengi sem við þegjum yfir framkomu þeirra.“

Nína segir tilgang hópsins vera að veita konum rými til að opinbera óásættanlega, óviðeigandi og særandi hegðun karlmanna sem eru virkir á stefnumótaforritum eða í makaleit.

„Við viljum að þeir geri sér grein fyrir þeim áhrifum sem hegðun þeirra hefur á konur og að tími þöggunar er liðinn.“

Nína telur mikla þörf á vettvangi eins og þessum.

„Sérstaklega þar sem stjórnendur forritanna eru alræmdir fyrir lélega þjónustu við notendur þegar þeir lenda í þessum aðilum. Ísland er lítið land og næsti maður er aldrei langt undan, þannig að líklegt er að ef einhver kemur illa fram við þig hefur hann gert það áður og mun gera það aftur.“

Enginn ásakaður um glæp

Nína segir að fyrstu vikurnar eftir að hópurinn var stofnaður hafi henni borist þónokkuð mörg símtöl, skammir og þar að auki nokkur bréf frá lögfræðingum.

„Ég viðurkenni að það var ákveðinn lærdómur að gera þetta rétt, að hjálpa

þeim sem koma til mín undir nafnleynd að setja sína sögu fram þannig að enginn sé sakaður um glæp án þess að vera dæmdur fyrir hann og að lína sé dregin milli óviðeigandi framkomu og ofbeldis. Eftir að ég hætti að setja inn sögur undir mínu nafni síðasta haust hefur það að mestu róast en ég fæ ennþá um það bil tvenn skilaboð í viku sem eru ætluð „admin“ hópsins og ég bendi þeim á að senda skilaboð á síðuna sem ber nafn hópsins og með titilmynd af töfu. Síðasta lögmansbréfið barst mér síðan fyrir rúmri viku.“

Hvað myndir þú segja við þá sem halda því fram að nafn- og myndbirting af þessu tagi sé eingöngu til að meiða/skaða/særa?

„Í fyrsta lagi er myndbirtingin vegna þess að viðkomandi meiddi/skaðaði eða særði aðra manneskju, sem er núna að taka vald sitt til baka og skila skömminni þangað sem hún á heima. Í öðru lagi er þetta ekki gert af hefndarhug eða til þess að særa, þetta er til þess að viðurkenna og opinbera þann sársauka sem hefur orðið nú þegar. Í þriðja lagi þá er þessi leið mögulega talin harkaleg en það hefur sýnt sig að lítið annað virkar. Við erum að kalla á hjálp, við erum að biðja um úrlausnir! Hvað þarf að gerast til þess að þessi hegðun eigi sér ekki stað í þjóðfélaginu? Hvernig fáum við svona fólk til þess að sjá að sér? Hvert getur maður leitað þegar samskiptamynstur manns særir aðra? Þessar og fleiri spurningar vakna við lestur þráðanna í hópnum. Eitt vitum við þó fyrir víst; við berum ekki ábyrgð á því lengur. Við skilum skömminni.“

EIGUM MARGA
LITI Á LAGER

ÁLKLÆÐNINGAR & UNDIRKERFI

HANNAÐ FYRIR
ÍSLENSKT VEÐURFAR

Nánari upplýsingar á
mt.is og í s: 580 4500

Vel og vandlega

Sérhæfð ráðgjöf við viðhald og endurbætur



Viðhald fasteigna er okkar sérgrein. Við störfum fyrir einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög og tryggjum að verkin séu unnin af fullkominni fagmennsku.

verksyn.is | 517 6300


VERKSÝN



Suðurlandsbraut 14
2. hæð

FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Framkvæmdastjóri: Karl Garðarsson Ritstjóri: Lilja Katrín Gunnarsdóttir
Prentun: Torg prentfélag Dreifing: Póstdreifing

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

Sandkorn



Leyndarhjúpurinn

Fyrirverandi formaður og stjórnarmaður Gagnsæis, sérstakra samtaka gegn spillingu, **Jón Ólafsson** sá síðlegi – sem er á sérstökum samningi við ríkisstjórnina – situr í stjórn RÚV og hefur þar lagt sig fram um að sveipa opinbera ráðningu á útvarpsstjóra þjóðarinnar sérstökum leyndarhjúpi. Það er þó virðingarvert af Jóni að segja sig frá stjórnarstörfum Gagnsæis rétt áður en hann stóð að þeirri ákvörðun stjórnar ríkisfjölmiðilsins að halda sérstakri leynd yfir umsækjendum um hið opinbera starf útvarpsstjóra. Skjótt skipast veður í lofti.

Ekkert að sjá hér

Norski bankinn DNB sagði upp öllum viðskiptum við Samherja eftir að upp komst um vafasama viðskiptahætti fyrirtækisins í Namibíu. Björgólfur Jóhannsson, forstjóri fyrirtækisins, snýr út úr, segir þetta gamlar fréttir og að engin lánaviðskipti hafi verið stunduð við DNB. Hann gerir lítið úr því að erlend stórfyrirtæki slíti tengsl við Samherja út af Namibíubraskinu. Þessu eignum við að gleypa við enda er það vinsælt viðkvæði hér á landi að útlönd séu slæm – Ísland sé gott. Einmitt.



Litadýrð í Listasafni Reykjavíkur

Verkið Chromo Sapiens eftir Hrafnhildi Arnardóttur/Shoplifter.



MYND: EYDOR ARNARSON

Brengluð lífskjör

Leiðari

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is



Þegar maður slær sér á lær yfir öllu volæðinu sem ein-kennir fréttir þessa dagana kemur sprengilægðin inn eins og stormsveipur og sannfærir mann um að það sé vart búandi á þessu skerri. Það var ekki nóg að álverið væri í bobba, Wuhan-kórónaveiran haldi fyrir manni vöku á næturnar, að rifist sé um sýndarmennsku á góðgerðarviðburði og allt logi í illdeilum á Hafró, þá þurfti að demba á okkur enn einu óveðrinu.

Það sem hefur án efa verið mest áberandi í fréttum í þessari viku og þeirri á undan er án efa verkfallsaðgerðir Eflingar sem beinast í þessu holli að Reykjavíkurborg. Sprengilægðin á ekkert í þær aðgerðir. Það er magnað að fylgjast með andstæðingum verkfalla sem hæst hafa; karlmenn um og yfir miðjan aldur,

allir á asskoti fínum launum, sem skamma Eflingu fyrir baráttuna, fullyrða að verkfallsaðgerðir komi af stað höfrungahlaupi og stefni Íslandi í glötun, nánast. Segja margir hverjir að verkföll hafi aldrei neinu skilað, þrátt fyrir að verkfallsaðgerðir séu öflugasta vopn verkalyðsins og til þeirra gripið þegar öll önnur sund lokast.

Vissulega eru verkföll blóðug og koma illa við marga, það þarf ekkert að fjölyrða um það. Hins vegar er þetta afar mikilvægt töl þegar ekki er hlustað, þegar ráðamönnum og fyrirtækjaeigendum er fyrimunad að setja sig í spor vinnandi fólks í lægstu þrepum samfélagsins. Ég vona að Efling haldi í hörkuna og sætti sig ekki við eitthvert kropp, eins og stundum hefur gerst í sögu verkfalla á Íslandi, sérstaklega þegar kemur að hinum svokölluðu kvennastéttum. Það er fátt meira „anti climax“ en að fylgjast með hatrammi verkfallahrinu sem endar

með lítilfjörlegum og skammarlegum samningum.

Hitt er svo það að ég vona innilega að þessar verkfallsaðgerðir verði til einhvers stærra og meira. Nú er unnið að því að koma lágmarksalaunum upp í fjögur hundruð þúsund krónur í nánustu framtíð. Það er algjörlega galið að Ísland sé orðið það dýrt að lágmarksalaun þurfi að vera svona há. Af hverju þarf Ísland að vera svona dýrt? Af hverju er húsnæðismarkaðurinn svona rotinn? Af hverju stundar lánastofnun á vegum ríkisins svo hatrammar innheimtuadgerðir í húsnæðislaunum? Af hverju tekur það mig ævina að borga upp námslánin mín? Af hverju fékk ég ekki einhverja niðurfellingu fyrir að standa mig vel? Af hverju titrar og skelfur debetkortið mitt alltaf þegar ég fer í Bónus? Af hverju þarf ég að borga fyrir að bíða á bráðamóttökunni klukkutímum saman og af hverju er ekki séns að lifa hér á lágum launum í starfi sem maður elskar?

Af hverju?

Eftir heilt ár þar sem varla var talað um annað en stöðugleika og góða fjárhagsstöðu ríkisins

blasir nú við djúp efnahagslægð, þannig að ekki er ástandið að fara að batna. Yfirvöld og aðilar vinnuarkaðarins halda lífskjarasamningi hátt á lofti og berja sér á brjóst. Þessi samningur á að vera svar við öllu en það er nánast móðgun að tengja hann á einhvern hátt við lífskjör. Lífskjör eru ekki fólgin í því að fá að hætta 53 mínútum fyrir í vinnunni eða hækka í launum um nokkur þúsund krónur á ári. Lífskjör eru fólgin í því að ég geti haft öruggt þak yfir höfuðið og að börnin mín geti farið með hollt og gott nesti í skólann og iðkað tólmstundir sem þau kjósa sjálf. Lífskjör er að finna í minna álagi á vinnustað, að hann sé vel mannaður svo ófremdarástand skapist ekki ef einhver verður veikur. Þau eru fólgin í betra fæðingarorlofskerfi, betra heilbrigðiskerfi, betra námslánakerfi.

Þessi umræða er nauðsynlegur fylgifiskur verkfallsaðgerða Eflingar. Ráðamenn þurfa bara að þora að ræða þessa hluti af hrein-skilni en ekki blása sandi í augun á okkur sí og æ. ■

Spurning vikunnar

Hver er uppáhaldsmálshátturinn þinn?

Þar sem ekki eru nema tveir mánuðir í páskana er tímabært að bursta rykið af sínum bestu málsháttum, enda eru þeir órjúfalegur hluti páskanna. Allavega að mati blaðamanns. Til að hjálpa til við upprifjun fengum við nokkra góða landsmenn til að deila með okkur sínum uppáhaldsmálshætti.



„Fátt er svo með öllu illt að ei boði gott.“

Ásgeir Jónsson



„Þessi er mjög dæmigerður fyrir mína hugsun sem sálfræðingur og borgarfulltrúi: Of seint er að byrgja brunninn þá barnið er dottið ofan í.“

Kolbrún Baldursdóttir




„Ég er náttúrulega málsháttadrottning Íslands – mikið búið að gera grín að mér þegar ég grip í málshætti og fer rangt með þá. Ég ætla því að leggja hér inn besta, umbreytta málsháttinn minn sem uppáhaldið mitt: „Það geta ekki allir kastað grjóti úr steinhúsi.““

Vigdís Hauksdóttir

Svíf þú inn í svefninn

...í rúmi frá okkur!



Rúm, springdýnur, sængurver,
púðar, rúmteppi & gjafavara!
...við erum með þetta allt og meira til!



Við vorum að taka upp nýja
sendingu af ilmstrám og
ilmkertum frá Mysenso.



RB rúm | Dalshrauni 8 | Hafnarfirði | Sími: 555 0397

www.rbrum.is | rum@rbrum.is | erum á [facebook](https://www.facebook.com/rbrum)

Opð alla virka daga frá kl. 09.00–18.00, laugardaga 10.00–14.00, sunnudaga lokað

„Margir sjá sækópata í mér“

■ Lærði fljótt að sjá fegurðina í einverunni ■ Öll okkar orka fór í að láta þetta virka

Íris Hauksdóttir
iris@dv.is



Sævar Darri Ingólfsson leikari útskrifaðist frá leiklistardeild Arts Ed School of Acting í London árið 2003 og segir verkefalistann orðinn helvíti langan síðan þá. Darri, eins og hann er alltaf kallaður, hefur nú dvalið í borg englanna í tuttugu ár og unir hag sínum vel enda erfitt að sakna íslenska slabbsins.

Darri ól snemma með sér leikaradraum en hann flutti til London tæplega tvítugur þar sem hann nam leiklist. Stefnan var þó alltaf sett á stóra tjaldið í Hollywood. „Ég var heppinn að landa fyrsta hlutverkinu mínu skömmu eftir útskrift hjá Donmar Warehouse-leikhúsinu í London. Eins gaman og mér fannst að leika á sviði setti ég alltaf stefnuna á kvikmyndaleik – það var ástæðan fyrir því að ég lagði í leiklistina. Mig langar að búa til bíómyndir. Ég setti því snemma stefnuna á Bandaríkin og sjö árum eftir útskrift var ég mættur til Los Angeles með eina ferðatösku og þekkti ekki sálu.

Það var þó ekkert á við þá áskorun að flytjast fyrst til London, því fram að því hafði ég alltaf átti stóran vinahóp á Íslandi og alltaf umkringdur fólki, en þarna var ég skyndilega aleinn. Við leigðum fjögur saman og það var alveg frábær tími, ég eignaðist fljótt góða vini sem ég held í dag enn góðum vinskapi við, en ég viðurkenni að það var erfitt að vera svona einn þótt það hafi á sama tíma verið það besta sem kom fyrir mig. Ég lærði fljótt að sjá fegurðina í einverunni og um leið að íhuga allt sem áður hafði gengið á í lífi mínu. Ómeðvitað komst ég svo áfram yfir í næsta kafla í lífi mínu.“

Ósofinn og útataður blóði

Að öðlast landvistarleyfi í Ameríku er fjandanum erfiðara og Darri segir biðina eftir græna kortinu hafa tekið talsvert á taugarnar. Hann hafði þó ekki dvalið lengi við þegar ástin barði að dyrum.

„Ég kynntist konunni minni rétt tæpum sex mánuðum eftir að ég fluttist hingað út en hún starfar sem sálfræðingur og ljósmyndari hér í borg. Við kynntumst á stefnumóttaforriti, en á þessum tíma var ég nýfluttur út og hafði ákveðið að eyða jólnum í Los Angeles þrátt fyrir að þekkja varla nokkurn mann. Ég vildi standa með þeirri ákvörðun minni að



„Ég skildi ekki neitt í neinu þarna“

flytja hingað og vera úti yfir jólin þótt tilhugsunin um það væri ögn ógnvekjandi. Ég endaði á að fara á eitt stefnumót í gegnum þessa netsíðu og það reyndist vera við Michelle. Í dag hef ég búið jafn lengi erlendis og ég hef búið á Íslandi og kynnst mörgu góðu fólki hér úti, bæði af erlendum uppruna og Íslendingum sem búa hér. Ég er heppinn með allt þetta góða fólk í lífi mínu og þakklátur fyrir það.“

Saman eiga þau Darri og eigin kona hans, Michelle Datuin, börnin Nolan Darra og Köru en rúmt ár er á milli systkinanna. Koma frumburðarins, Nolans, í heiminn var þó með nokkuð dramatískum hætti.

„Ég var staddur í miðjum tökum á Dexter þegar Michelle missti vatnið og í kjölfarið heyrði ég í framleiðenda þáttanna sem gaf mér leyfi til að rjúka upp á fæðingardeild. Tæpum klukkutíma eftir að sonur okkar kom í heiminn hentist ég af stað aftur í tölur, ósofinn og útataður blóði. Þegar ég settist í förðunarstólinn brotnaði ég svo gjörsamlega niður, en þetta var dæmalaust magnaður dagur.“

Framtíðin algjör óvissa

Á fyrsta afmælisdegi Nolans komust hjónin að því að annað barn væri á leiðinni og þótt frekari barneignir hefðu ekki verið formlega settar á stefnuskrána segist Darri gríðarlega glaður og þakklátur enda hafi stefnan alltaf

verið að eiga fleiri en eitt barn.

„Daginn sem við komumst að því að Michelle var ófrísk í fyrsta sinn var ég að vinna sem þjónn á bar. Við áttum þrjú hundruð dollara á bankareikningi og þótt við hefðum planað það barn var framtíðin fullkomin óvissa. Tveimur vikum síðar fékk ég svo hlutverk Olivers Saxo í sjónvarpsþáttunum Dexter, ég hef ekki bókad mig í margar prufur af þáttum sem ég þekki eða hef horft á sjálfur, en þarna var ég vel kunnugur. Þess vegna var það enn meiri heiður fyrir mig að vera ráðinn inn í síðustu seríuna og fyndið að hugsa til þess hversu margir leikstjórar sjá einhvern sækópata í mér, eins og ég er nú næs gaur.“

Darri lýsir ferlinu fyrir hlutverkið af mikilli innlifun en hann var prófaður í þrjú mismunandi hlutverk.

„Það ríkti mikil leynd yfir þessu öllu saman og umboðsmaður minn mátti ekki einu sinni vita neitt. Daginn eftir prufurnar, þar sem ég hafði prófað þrjú mismunandi hlutverk, fékk ég svo hringingu þar sem mér var sagt að ég yrði vondi karlinn. Ég varð auðvitað rosalega spenntur enda mun stærra hlutverk en ég hafði þorað að vona að hreppa og algjör draumur að ganga inn í þetta sett. Þau voru þarna að skjóta sjöundu seríu og allt eins og vel smurð vél, svo þrátt fyrir langa tókudaga var yndislegt að vinna með öllu þessu fólki. Þetta er óneitanlega það stærsta sem



Tveir á setti Darri ásamt aðalleikara Dexter, Michael C. Hall.



Fjölskyldan Darri og Michelle með börnum sínum.

ég hef gert hingað til hér úti og ég hlakka mikið til að ná að festa mig í þáttum sem „series regular“ enda breytast launin talsvert við það, en fyrsta hlutverkið sem ég fékk var einmitt í þáttum þar sem ég átti að vera í einum þætti en leikstjóranum leist svo vel á mig að hann framlengdi minn karakter í sjö af tíu þáttum. Þetta var í sjónvarpsþáttunum Last Resort og hlutverkið opnaði óumdeilulega margar dyr fyrir mig, sem óbeint komu mér á þann stað að ég endaði á, á fundi með umboðsáðilunum sem voru að leita að leikurum fyrir Dexter.“

Straujar út íslenska hreiminn

Spurður hvernig Ameríkanar taki í íslenska hreiminn segist Darri strax hafa fundið sér fagmann til að strauja út hljóðin sem hann kunnir sjálfur ekki að fást við.

„Auðvitað eru mismunandi hreimar hér í Ameríku og þetta er eflaust barátta sem ég mun alltaf þurfa að eiga í. Hér eru margir sem berjast um sama bitann og þótt ég standi eflaust jafnfætis einhverjum hvað leikræna tilbúðri varðar hafa innfæddir alltaf tungutakið fram yfir mig. Ég tók samt strax meðvitaða ákvörðun um að láta hreiminn ekki stoppa

mig og í kjölfarið af Dexter réð ég til mín tungumálakennara sem fór yfir þessi mál með mér. Mín sérstaða er klárlega sú að hafa farið í nám í Bretlandi því mjög fáir Bandaríkjamenn hafa farið í gegnum stíft leikaranám. Ég grínast samt oft með það þegar ég leik á mótum Bandaríkjamönnum hvað upprunninn skín skært í gegn því heima á Íslandi er allt svo hrátt og ekta. Ég fór einhverju sinni heim til Íslands að skjóta bíómynd þar sem partur af handritinu var að bíta í hrátt lambshjarta, ég spurði leikstjóran hvað þeir ætluðu að nota í staðinn og þeir sögðu það einfaldlega vera stöðuna. Það var ekkert verið að búa til neitt súkkulaðihjarta heldur áttum við að tryggja þetta alvöru stöff, en veistu ég kann betur við það. Það er svo margt sem stöðvar mann hér úti vegna laga en það er mun skemmtilegra og í grunninn partur af því að vera leikari að fá að leika þessa lífsreynslu sem fylgir því að vera leikari, en það er oft ekki alveg leyfilegt í Bandaríkjunum.“

Hugurinn leitaði alltaf út

Darri byrjaði fyrst að leika í gagnfræðaskóla og hlaut mikið lof fyrir. Í beinu framhaldi laust þeirri hugmynd niður að kannski væri þetta vettvangur sem hann gæti haft gaman af að starfa við.

„Ég fór svo í Verzló, en skólinn er náttúrulega þekktur fyrir að setja á svið stóra söngleiki og þótt ég hafi persónulega ekki gaman af þeim sem slíkum lét ég mig hafa það. Fyrsta verkefnið var lítið hlutverk í Saturday Night Fever en það næsta var annað aðalhlutverkið í Mambo Kings en þar lék ég á mótum Ívari Erni Sverrissyni leikara. Það var í fyrsta skipti sem ég fékk almennilega að kynna þeirri tilfinningu sem fylgir því að standa á sviði og ég fann strax að þetta væri eitthvað sem ég hefði rosalega gaman af.“

Darri viðurkennir þó að hann hefði verið týndur í nokkur ár og ekki vitað í hvorn fótinn hann ætti að stíga.

„Ég hugleiddi aldrei að sækja um inngöngu í íslenska leiklistarskólanum, mig langaði einfaldlega að koma mér frá Íslandi og hugurinn leitaði alltaf til Bandaríkjanna. Það var svo fyrir einskæra tilviljun að breskur leiklistarskóli hélt prufur á Íslandi og blessunin hún móðir mín

hvatti mig til að sækja um, sem ég og gerði og komst inn. Eftir það breyttist allt og öll okkar orka fór í að láta þetta virka. Áður en ég vissi af var ég svo fluttur einn til London og byrjaður í listnámi. Ég vissi ekkert hvað í fjandanum ég væri nú búinn að koma mér út í, þetta var allt svo framandi og allt í einu var ég farinn að kaupa mér sokkabuxur fyrir danstíma – ég skildi ekki neitt í neinu þarna. Við lásum Shakespeare og kynntumst sögu leiklistarinnar. Þá, í fyrsta skipti, fékk ég raunverulega hugmynd um hvað felst í að vera leikari. Eftir þriggja ára nám fékk ég svo fyrsta hlutverkið og það var alveg frábær tilfinning. Það var auðvitað ekki mikill peningur í þessu og við sýndum margar sýningar á skömmum tíma, sjö á viku og alltaf tvær á laugardögum en áttum svo frí á sunnudögum. Ég útskrifaðist árið 2003 og 2009 var ég fluttur til Bandaríkjanna. Hægt og rólega fann ég svo minn stað og fann mjög fljótt að hér ætti ég heima því þrátt fyrir að vera ánægður á sviðinu kviknaði leiklistaráhuginn út frá kvikmyndum. Ég hef verið bíómyndafíkill frá því ég var barn og í Bónusvideo í Garðabæ leigði maður alltaf eina nýja mynd og eina gamla með, ég fór því í gegnum heilan helling af bíómyndum í barnæsku og geri í raun enn í dag.“

Engin ein leið að árangri

Eftir að hafa landað hlutverkinu í Dexter hefur Darri getað séð fjölskyldu sinni farborða með leiklistinni einni og sér. Hann viðurkennir þó að fram að því hafi hver mánuður einkennst af harki.

„Þegar ég kom fyrst hingað út vann ég við allan fjandan. Ég sendist með skyndibita, starfaði sem þjónn og í byggingarvinnu. Auglýsingavinna og myndbönd fleyttu mér þó langt og þótt það hafi oft verið hark kom alltaf eitthvað á síðustu stundu sem bjargaði manni. Eftir Dexter hef ég þó ekki þurft að grípa til neins annars en leiklistarinnar og hef séð fyrir sjálfum mér og fjölskyldunni með eingöngu leiklistina að vopni. Ég hef, síðan ég ákvað að verða leikari, ákveðið að sleppa B-plani því ég hugsa sem svo að þú getir ekki haft neitt B-plan svo A-planið gangi upp. Það er nefnilega engin ein leið til þess að ná árangri, en þessi






Þetta var allt svo framandi og allt í einu var ég farinn að kaupa mér sokkabuxur fyrir danstíma


bransi snýst að miklu leyti um samvinnu og þá er mikilvægt að vera ekki hræddur við að segja já þegar manni er boðið eitthvað, því oft koma góðir hlutir út úr því, ný vinatengsl geta líka leitt mann í ný og óvænt störf. Í dag er ég til að mynda að vinna að

verkefni með vini mínum úr leiklistarskólanum. Hann skrifaði bók um ákveðna lífsreynslu sem síðar varð að sjónvarpsþætti, ég er rosalega hrifinn af þessu umfjöllunarefni hans og langar mikið að ganga lengra með þessa hugmynd og leika jafnvel

aðalhlutverkið sjálfur, en þetta er allt í byrjunarferli. Ef það myndi takast yrði ég gríðarlega stoltur en við verðum að bíða aðeins og sjá hvernig sú lending verður.“ ■

Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga og þjónustu við viðskiptavinum og íbúa þeirra



OneSystems - sími: 660 8551 | fax: 588 1057 | www.one.is | one@one.is

Framundan í Þjóðleikhúsinu



FRUMSÝNT 21. FEBRÚAR

UTSENDING

MÖGNUM SÝNING SEM SLÓ Í GEGN Í LONDON OG NEW YORK

PÁLMI GESTSSON · BIRGITTA BIRGISDÓTTIR · ÞRÓSTUR LEÓ GUNNARSSON · STEINUNN ÓLÍNA ÞORSTEINSDÓTTIR · HALLGRÍMUR ÓLAFSSON
ÓLAFÍA HRÖNN JÓNSDÓTTIR · ATLI RAFN SIGURÐARSON · SIGURÐUR SIGURJÓNSSON · ARNDÍS HRÖNN EGILSDÓTTIR · ÖRN ÁRNASON
SNÆFRÍÐUR INGVARSDÓTTIR · ARNAR JÓNSSON · EDDA ARNLJÓTSDÓTTIR · BALDUR TRAUSTI HREINSSON · HILDUR VALA BALDURSDÓTTIR
GUNNAR SMÁRI JÓHANNESSON · LEIKSTJÓRN: GUÐJÓN DAVÍÐ KARLSSON

70

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ



FRUMSÝNT Í KVÖLD

ÞITT EIGIÐ LEIKRIT II

TÍMAFERÐALAG

EF ÞÚ GÆTIR FERÐAST UM TÍMANN, HVERT MYNDIRÐU FARA?

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á ÞESSAR MÖGNUM SÝNINGAR
LEIKHUSID.IS



„Ég var oft kölluð drusla þegar ég var yngri“

Ólöf sá hún í grafalvarlegri lífsreynslu Hugmyndin kviknaði með „leiðinlegri færbandavinnu“

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



Það að geta hlegið að ákveðnum veruleika á meðan tekist er á við hann sendir oft sterkari skilaboð og skilur meira eftir sig. Það getur átt til með að vera svolítið þungt ef maður fer alla leið í dramanu, eða það er að minnsta kosti áhættan,“ segir Ólöf Birna Torfadóttir, kvikmyndagerðarkona og mikil áhugamanneskja um þá list að blanda saman alvarleika og hnyttu gríni sem sækir í ákveðinn sannleika, eins og hún orðar það.

Undanfarin ár hefur Ólöf sankað að sér talsverðri reynslu í sínu fagi eftir að hún lauk námi af handrits- og leikstjórnarbraut Kvikmyndaskóla Íslands árið 2016. Auk þess að hafa gegnt

fjölmörgum hlutverkum í ýmsum verkefnum og þar á meðal unnið á tókustað Game of Thrones, stofnaði hún framleiðslufyrirtækið MyrkvaMyndir og vakti jákvæða athygli með stuttmyndunum Millenium lausnir og Síðasta sumar. Hin síðarnefnda var útskriftarverkefni Ólafar og hlaut verðlaun á Los Angeles Independent Film Festival sem fram fór í ágúst 2016. Myndin hlaut verðlaun í flokknum Best Comedy/Dramedy, Foreign.

Síðasta sumar segir frá stúlku sem er aftur flutt heim til foreldra sinna og fær vinnu í kjötvinnslufyrirtæki þar í sveit. „Sú mynd fjallaði um mjög persónulegt tímabil hjá mér, þannig að ég ákvað að gera dramedíu út frá því,“ segir Ólöf.

„Þetta fjallar allt um mjög dramatíska hluti, en allt í kring-

um það spilast út með svo fáránlegum hætti að það verður fyndið. Það er oft þægilegt að nota hún til að vekja athygli á einhverju þörfu. Þetta var allt saman mjög fáránlegt en gerðist samt í raun.“

Annt um drusluna

Þessa dagana er Ólöf að leggja lokahönd á sína fyrstu kvikmynd í fullri lengd, sem frumsýnd verður þann þriðja apríl og ber heitið Hvernig á að vera klassa drusla. Þar segir frá tveimur ólíkum vinkonum og uppákomum þeirra þegar þær fara að vinna á sveitabæ yfir sumarið. Kvikmyndin er lauslega byggð á lífi Ólafar og hennar reynslu en hún eyddi sjálf miklum tíma í sveit á yngri árum og segir að henni þyki afskaplega vænt um orðið drusla.

„Ég var oft kölluð drusla þegar ég var yngri, en ekki samt í þeirri



meiningu sem við þekkjum flest í dag,“ segir Ólöf. „Þetta fylgdi því meira ef maður mætti eitthvert í smá rifnum fötum, með úfið hár eða var með gat á sokkunum. Þetta var oft notað til að gera lítið úr manni, og er að vissu leyti enn gert í dag. Mér finnst titill þessarar kvikmyndar berjast svolítið gegn því.“

Þegar Ólöf varð eldri var orðið notað í neikvæðri merkingu til að lýsa klæðaburði eða hegðun á unglingsárum og svo hefur þetta orð einnig verið notað þó nokkuð oft til að lýsa bílum hennar.

Ólafía og Ólöf

Aðspurð hvaða atvik úr tókum hafi mest staðið upp úr rifjar Ólöf upp daginn þegar hún fékk stjörnuhlampa í augun, þegar hún hittir Ólafíu Hrönn Jónsdóttur leikkonu. „Ég komst ekki yfir það hvað mér fannst geggjað að leikstýra Ólafíu Hrönn. En að hitta hana var eitt það vandræðalegasta sem ég man eftir,“ segir Ólöf og bætir við:

„Ég var mjög stressuð að vinna með henni. Þegar hún kemur fer ég og tek á móti henni. Ég kynni mig og segi einfaldlega: „Hæ, ég heiti Ólöf,“ og hún tekur í höndina á mér og segir strax: „Nei.“ Ég gleymi því seint hvað mér brá mikið. Þetta er svolítið merki um húnur hennar, en þetta setti mig alveg úr jafnvægi, verandi svona stressuð fyrir. Eftir þetta var ég eins og algjör kjáni. Hún var samt svo æðisleg og að þessum degi loknum náði ég að tengjast henni og fékk þetta móment þar sem við ræddum hlutverk.“

Þess má geta að Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir og Þorsteinn Bachmann fara einnig með hlutverk í kvikmyndinni, en með aðalhlutverkin fara þær Ásta

Júlía Elíasdóttir og Ylfa Marín Haraldsdóttir.

Leiðinleg færbandavinna kveikti neistann

Ólöf segir það hafa skipt miklu máli að hafa jafnt kynjahlutfall á tókuliðinu og fer fögnum orðum um framleiðsluteymið. Kvikmyndin er að mestu tekin upp í Hvalfirði og segir Ólöf að hugmyndin hafi byrjað að gerjast árið 2015, þegar hún líkt og aðalpersónan í útskriftarverkefninu – vann sjálf við kjötvinnslu. „Ég var þarna í svo ótrúlega leiðinlegri færbandavinnu það sumar og þá hafði ég lítið annað að gera en að festast í hausnum á mér. Þarna var ég að vinna í sérfæðinu og starfið gekk út á að mauka mat allan daginn.“

Sagan varð smám saman til á vinnustaðnum og Ólöf segir að innblásturinn hafi komið frá hennar reynslu, sögum annarra og kostulegri eyðufyllinga. Þá bætir hún við að umfang þessarar fyrstu kvikmyndar hennar í fullri lengd hafi endað á því að verða stærra en vaninn er með frumraunir.

„Þetta varð allt svolítið stórt. Þetta er í rauninni ekki þessi týpíska byrjendamynd, sem hefur tvo leikara og einn tókustað. Við höfðum lítið fjármagn en bjuggum þarna til heilt samfélag yfir þetta sumar og notuðumst við fjölda tókustaða. Þetta hafðist allt á endanum og við fórum svolítið á hörkunni í gegnum allt. Það voru líka allir í teyminu svo opnir og ólmir í að vera með. Ég er mjög þakklát fyrir það.“

Með kvikmyndinni vonast Ólöf til þess að hægt sé að brjóta þá mýtu, ekki síður í augum borgarbarna, að það sé leiðinlegt að vera í sveitinni. Hún hvetur sem flesta til þess að prófa það, að minnsta kosti einu sinni ef ekki reglulega. ■

ACANA

Orijen
NOURISH AS NATURE INTENDED

**HUNDAFÓÐUR
ÁN HLIÐSTAEDU**

gaeludyr.is
www.gaeludyr.is

Tefal

POTTA- OG PÖNNUDAGAR



30-50% AFSLÁTTUR

TILBOÐIN GILDA AÐEINS
Í TAKMARKAÐAN TÍMA

POTTA
OG PÖNNUBÚÐIN ÞÍN

byggto**g**búid

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

„Ég upplifi mig sem sakborning en ekki brotapolá“

Fyrirverandi sambýlismaður ofsótti hana og beitti hrottalegu ofbeldi - Heyrði lögglumenn gera lítið úr aðstæðum hennar - Sökuð um lygar og rangfærslur

Erla Dóra
erladora@dv.is



En svo gerðist það vorið 2018 að ég þurfti að leita aðstoðar lögglunnar í Vestmannaeyjum og ef ég hefði vitað þá það sem ég veit í dag þá hefði ég aldrei gengið inn um dyr lögglustöðvarinnar í Vestmannaeyjum,“ segir í kvörtun sem barst nefnd um eftirlit með lögglu haustið 2018. Kvörtunina skrifaði Sædis Inga Ingimarsdóttir, sem freistaði þess að fá viðurkenningu á vanvirðandi og fordómfullri framkomu lögglunnar í Vestmannaeyjum í hennar garð.

Heilinn heimskur og hjartað ræður

Sædis Inga er öryrki og sjúklingur til margra ára. „En ég er þó ein af þeim sem nenna ekki að sitja heima og gera ekki neitt, þannig að ég hef alltaf næg verkefni. Ég er að sinna málum fyrir fjölskyldu og vini og ef tækifæri gefst þá hef ég tekið að mér störf sem henta mér í gegnum tíðina. Ég flutti einmitt til Vestmannaeyja vegna vinnu.“

Í Vestmannaeyjum tók Sædis saman við erlendann mann, Marcin, sem var í upphafi heilandi og ljúfur. Hófu þau fljótlega sambúð. Þá fór Marcin að sýna sitt rétta andlit. „Það var bara svoleiðis, að þegar tilfinn-

ingar eiga þátt þá verður heilinn heimskur og hjartað ræður,“ segir Sædis sem ákvað því að slíta sambúðinni en handa sambandinu áfram. Í febrúar 2018 beitti Marcin Sædisi hrottalegu ofbeldi, frelsisvipti hana og nauðgaði. Sædis reyndist í kjölfarið erfitt að losna undan honum. Hún bar til hans sterkar tilfinningar, en óttadist hann á sama tíma. Hún fór þó að taka skref í burtu frá sambandinu en við því brást Marcin ókvæða og hóf að ofsækja hana. „Ég er bara þannig gerð að ég á ótrúlega erfitt með að biðja um hjálp því ég er manneskjan sem fólk kemur til ef eitthvað amar að. Svo ég vildi bara reyna af fremsta megni að vinna mig út úr þessu sjálf. En hann hélt áfram að koma og gafst ekki upp, og ég vildi ekki sjá hann aftur. Þá leitaði ég aðstoðar lögglunnar, hringdi og bað um að hann yrði fjarlægður frá húsinu mínu.“

Engin óskastaða

Það er ekki óskastaða neins að þurfa að leita liðsinnis lögglu vegna ofbeldis í nánu sambandi og stöðugs áreitis fyrirverandi maka. Slík mál koma nokkuð oft inn á borð hjá lögglu og þykja vandasöm meðferðar enda aðilar máls oft í viðkvæmri stöðu. Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómarmálaráðherra fjallaði um það á pallborðsfundi hjá OECD í byrjun mánaðar, að mikilvægt væri að

lögglu hefði sérþekkingu á afleiðingum heimilisofbeldis til að geta mætt þolendum brotanna af skilningi og nærgætni á vettvangi.

Frásögn Sædisar gefur til kynna að nokkuð sé enn í land í málaflöknum.

Vegna áreitis frá Marcin þurfti Sædis oft að kalla eftir lögglu til fjarlægja hann af lóðinni við heimili hennar. Vegna tíðra afskipta lögglu hafði Sædis verið hvött til að gefa formlega skýrslu og leggja fram kæru og henni greint frá úrræðum á borð við nálgunarbann. Henni sárnaði mjög þegar lögglumaður sagði henni að þetta gæti ekki gengið lengur. „Þetta gengur ekki lengur, þú verður að fara að gera eitthvað í þessu“, sagði hann við mig.“

Henni sárnaði þó enn meira þegar hún fyrir slysi heyrði samtal tveggja lögglumanna í kjölfar þess að hún kallaði eftir aðstoð þeirra. Að sögn Sædisar var var eitthvað þessu líkt sagt í samtalinu:

„Ég skil ekkert hvað er verið að mála hann sem skrímsli. Hann er óttalegt grey. Hann langar bara að fá sér að ríða og fer því þangað sem hann veit að hann fær að ríða.“

„Þarna brotnaði ég niður“

Í kvörtun sinni segir Sædis um atvikið: „Þar þarf vart að taka það fram að þarna brotna ég nið-

ur. Þeir sem ég leita til hafa ekki meira álit á mér en svo að það virtist vera einskonar ónæði af því að kalla þá til þar sem fyrirverandi hefði bara verið fullur og komið til að fá sér að ríða. Er það virkilega svona sem lögglumenn tala um þá sem þurfa á aðstoð þeirra að halda?“

Sædis greindi Páleyju Borgþórsdóttur lögglustjóra frá atvikinu. Fékk hún svar frá Páleyju í tölvupósti þar sem beðist var velvirðingar á atvikinu og tekið yrði á málinu innanhúss, en sömuleiðis var henni bent á rétt hennar til að bera kvörtunina upp við nefnd um eftirlit með lögglu. Annar lögglumannanna hafði í kjölfarið samband við Sædis og baðst afsökunar.

Sædis afréð þá að fara og kæra Marcin fyrir brot hans gegn henni. Kom það henni þá á óvart hvað viðmót lögglu breyttist snarlega. En staða hennar, sem henni fannst lögglu hafa haft lítinn áhuga á framan af, var skyndilega komin í forgang og kappkostað að ná fram nálgunarbanni.

Gert að sæta nálgunarbanni

Héraðsdómur Suðurlands staðfesti ákvörðun um nálgunarbann í tvo mánuði. „Það var vissulega léttir þar sem ég var orðin svo uppgefin. En sú staðreynd að ég elskaði þann hluta fyrirverandi sambýlismanns míns sem var edrú, elskulegur og svo góð-

ur við mig, gerði hlutina flóknari. Það var óstjórnlega erfitt að halda sig burtu fáandi hver skilaboðin á fætur öðrum frá honum þar sem hann sagðist iðrast gjörða sinna, grátbað mig fyrirgefningar og þess á milli hótandi að taka eigið líf ef ég yrði ekki við því að koma og hitta hann,“ segir Sædis í kvörtun sinni.

Sædis hafði svo samband þegar Marcin braut nálgunarbann. Í síma svaraði lögglumaður en þegar Sædis greindi frá aðstæðum heyrði hún hann snúa sér að kollega sínum og spyrja: „Hvernig snúum við okkur í þessu máli?“ Í kjölfarið komu lögglumenn á heimili hennar til að taka skýrslu og mun þá lögglumaður hafa spurt Sædis: „Og hvað viltu að við gerum?“ Báðar þessar spurningar grófu frekar undan trausti Sædisar. Vissu þeir ekki hvað þeir ættu að gera í þessum aðstæðum? Eða voru það hennar aðstæður sem voru að fá öðruvísi meðferð. Var henni kannski ekki trúað, eða ekki tekið mark á henni þar sem henni gekk ekki að slíta alfarið á samskipti við sinn fyrirverandi?

Eftir að nálgunarbannið rann út hélt Marcin áfram uppteknum hætti og Sædis fór aftur fram á nálgunarbann.

Sundur og saman

„Þú veist hvernig þetta hefur verið hjá ykkur, sundur og saman,

MYNDR: EYFÓR ÁRNASON



dísi svo miklu áfalli að í kjölfarið hafði lögreglumaðurinn samband og baðst afsökunar.

Þarna voru tilfellingin orðin afar mörg. Sædís ákvað að leita til nefndar um eftirlit með lögreglu, hún leitaði einnig til Stígamóta og Bjarkarhlíðar. Þessari framkomu ætlaði hún ekki að una.

Svör til nefndarinnar annað áfall

Svör Páleyjar Borgþórsdóttur til nefndarinnar sökum kvörtunar Sædísar reyndust Sædís annað áfall. Þar var Sædís útmáluð sem drykkfelldur lygari í ójafnvægi. Lítið var gert úr upplifun hennar og hún sökuð um ýkjur og rangfærslur. Sædís sendi nefndinni svar þar sem hún bað um að fá að hrekja fullyrðingar Páleyjar, en án árangurs. Engu að síður hafði Sædís sönnunargögn sem studdu við mál hennar. Blaðamaður hefur fengið afrit af þessum gögnum. Með svörum lögreglustjóra fylgdu lengri bókarnir úr dagbók lögreglu sem sinnt hafði útköllum vegna Sædísar. Þar er Sædís ítrekað lýst sem; í uppnámi, undir áhrifum, í ójafnvægi, grátandi. Á meðan Marcin er þar á nokkrum stöðum lýst: hinn kurteisasti, almennilegasti, rólegur.

Á einum stað er það tekið fram berum orðum: „Það skal tekið fram að þau Sædís og Marcin hafa verið í sundur/saman sambandi í nokkurn tíma og þegar þau eru í sundur þá hefur Sædís nokkrum sinnum hringt á lögreglu og óskað aðstoðar þegar hann hefur verið að koma á/ad heimili hennar.“

Sædís var sögð hafa komið nokkrum sinnum á fund lögreglu og verið með fúkyrði og dónaskap. Þar sem Sædís ber takmarkað traust til lögreglunnar þá tók hún sumar þessar samræður upp. Blaðamaður hefur fengið að hlýða á þær og getur vottað að þótt tilfinningar hafi verið miklar í samræðunum þá verði Sædís seint sögð dónaleg.

Maður fer að efast um sjálfa sig

„Það er það vesta í þessu öllu saman. Ekki nóg með alla þessa framkomu þar sem ég upplifi mig sem sakborning en ekki brotþola, að þurfa að hafa það hangandi yfir sér að ég sé ekki bara sökuð um að ljúga ítrekað heldur er ég enn að bíða eftir niðurstöðu

saksóknara um hvort það verði lögð fram kæra. Það er svo mikið sem gerist í huga manns. Verður mér trúað? Eru þeir að taka svona langan tíma því þeir eru ekki vissir um að þetta hafi átt sér stað? Með allt þetta í ofanálæg, þá fer maður svo mikið að efast um sjálfa sig.“

Sædís gagnrýnir einnig harðlega að nefnd um eftirlit með lögreglu hafi afráðið að senda kvörtunina til Páleyjar til meðferðar innan embættis hennar. Þar með sé Páley í raun að rannsaka sig og sína nánustu starfsmenn. Þar að auki ákvað Páley að leyfa öllum starfsmönnum að lesa kvörtunina. Nefndin óskaði ekki eftir að fá heyra þær upptökur sem Sædís hafði undir höndum sem stutt gætu við mál hennar. Heldur var það talið nægjanlegt að lögreglustjóri sjálfur hefði komist að þeirri niðurstöðu að ekkert þyrfti að gera og engan starfsmann að ámæla, eða

endurmennta, eða nokkuð til að fyrirbyggja að enginn annar Vestmanningur þurfi að veigra sér við að hafa samband við lögreglu sökum fordómafulls framferðis.

„Þið verðið að fyrirgefa en ég hef ekkert gert af mér og á ekki þessa framkomu skilið og ég ætla mér að skila þessari skítaframkomu til föðuhrúsanna, það er að segja til þeirra starfsmanna lögregluembættisins í Vestmannaeyjum sem komu fram við mig með lítilsvirðingu, hroka, skítkasti og óheildarleika.“

Fordómar en engar afleiðingar

Enn má Sædís bíða. Hún hefur ítrekað þurft að reka á eftir sínum málum og segir tímafrest aldrei hafa verið virtan og að það reynist henni, og líklega mörgum öðrum sem sitja og bíða í von um að fá bót sinna mála, þungbært. Nú bíður hún enn eftir að ákvörðun verði tekin um hvort Marcin verði kærður eða ekki. Tveimur árum

og tveimur nálgunarbönnum eftir að hún lagði fram kæruna. Marcin hins vegar er ekki lengur á Íslandi. Sædís er nú flutt frá Vestmannaeyjum enda gat hún ekki unnið úr sínum málum í umhverfi sem veitti henni hvert áfallið eftir öðru. Þolendur heimilisofbeldis eru í viðkvæmri stöðu.

Sérstaklega eru þeir viðkvæmir fyrir viðbrögðum þeirra aðila sem kallað er eftir hjálp frá. Lögreglumenntu eru oft fyrstir á vettvangi í þessum málum. Samkvæmt verklagsreglum lögreglunnar á Íslandi í heimilisofbeldismálum skal gæta fyllstu tillitssemi og varast að taka afstöðu. Slíkt var ekki viðhafið í tilviki Sædísar. Alþekkt er að þolendur heimilisofbeldis eigi erfitt með að slíta sambandinu við ofbeldismenn sína. Samt sem áður varð Sædís fyrir fordómum vegna þess og, það sem verra er, það hefur engar afleiðingar haft fyrir þá er komu að málinu, nema þá aðeins Sædís sjálfa. ■

sundur-saman“ sagði lögreglumaður við Sædís þegar hún innti eftir niðurstöðunni. Fengi hún aftur nálgunarbann? Þessi setning lögreglumannsins var gildislaðin og upplifði Sædís hana afar fordómfulla. Voru aðstæður hennar vægari, ekki eins alvarlegar, sökum þess að í upphafi hefði henni gengið illa að slíta alveg á samskipti við manninn? Þegar þarna var komið sögu hafði hann nýlega snúið aftur frá Póllandi og samskipti þeirra verið lítil. Það sem Sædís vissi ekki þá var að nálgunarbannið hafði þegar verið samþykkt, en erfiðlega gekk að hafa upp á Marcin til að birta honum ákvörðunina. Í kjölfarið hafði sami lögreglumaður samband við Sædís og spurði hvort hún hefði einhverjar upplýsingar um hvar Marcin væri niðurkominn. Hún hafði þær ekki og fannst það sæta furðu að þeir beindu þeirri spurningu til hennar.

Sædís nefnir fleiri tilfelli þar sem hún upplifði viðmót lögreglu sem óvinveitt og fordómfullt. Hafi þeir meðal annars haft af henni afskipti þar sem hún ók bílnum sínum og gert henni að sæta stropuprófi. Þessi afskipti fóru mjög illa í Sædís. Í eitt skiptið kom prófið neikvætt út, engin merki um eiturlyf fundust. Í annað skipti hafði lögreglumaður afskipti af henni í innkeyrslunni heima hjá henni og olli það Sæ-

HAGBLIKK

Brotna ekki
Ryðga ekki

Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:
Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202



ÁFALL Á ÁFALL OFAN

■ Fjölskylduafaðirinn fékk heilablóðfall og heilahristing með nokkurra mánaða millibili ■ Eignatjón á húsinu

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Fimm manna fjölskylda á Eyrarbakka hefur gengið í gegnum ótrúlega röð áfalla á innan við ári. Þau standa þó þétt saman í gegnum erfiðleikana og láta engan bilbug á sér finna.

Hneig niður í herbergi yngstu dótturinnar

Hlöðver Þorsteinsson og Þóra Ósk Guðjónsdóttir eiga þrjú börn, Birgittu, 16 ára, Þorstein Jón, 9 ára, og Heklu, 7 ára. „Það er dásamlegt að búa hérna á Eyrarbakka, hérna taka allir utan um okkur og allir vilja hjálpa til,“ segir Þóra. Eftir að Þóra eignaðist yngstu dóttur sína 24 ára gömul fór hún að finna fyrir einkennum afgangens lömunarsjúkdóms. Einkennin síversnuðu með árunum og í dag notar Þóra göngugrind.

„Ég á sem sagt rosalega erfitt með að ganga og þarf að notast við göngugrind þar sem hækjur duga ekki. Svo er jafnvægið mjög lélegt og ég þarf að nota spelkur til að halda fætinum stöðugum og auk þess þarf ég að nota sérútbúinn bíl.“

Þóra hefur ekki getað unnið vegna sjúkdómsins og hefur því fengið örorkubætur. Hlöðver starfaði hjá vöruflutningafyrirtæki á Selfossi allt þar til hann fékk heilablóðfall í mars í fyrra. „Áður en Hlöðver veiktist í fyrra þá reiddi ég mig nánast algjörlega á hann.“

Fyrir heilablóðfallið var Hlöðver alheilbrigður og kenndi sér aldrei meins. Hann mætti í vinnuna alla daga og sinni fjölskyldunni og áhugamálunum þess á milli, en hann er mikill áhugamaður um dúfnarækt og hefur komið upp dúfnakofa í garðinum.

Það var síðan í mars í fyrra að

Hlöðveri var bókstaflega kippt út úr lífinu, eins og Þóra orðar það.

„Þetta var að kvöldi til. Við vorum að borða kvöldmat þegar síminn hringdi, það var þá félagi hans Hlöðvers úr dúfnaræktinni. Hlöðver fór út í dúfnakofa með símann og kom svo aftur inn, ennþá í símanum, og fór inn í herbergi hjá yngstu dóttur okkar. Þar horfði hún á pabba sinn leggja frá sér símann og detta niður. Hún kallaði fram til okkar: „Það er eitthvað að pabba!“

Þegar ég kom inn lá Hlöðver hreyfingarlaus á gólfinu og ekki hægt að ná neinu sambandi við hann. Hægri hlið hans var alveg máttlaus. Ég bað yngstu dóttur okkar að fara og ná í símann, sem hún gerði, sló inn 112 og rétti mér svo símann. Sjúkrabílinn kom stuttu seinna.“

Þóra segir dóttur sína hafa sýnt ótrúlega mikla ró og aðdáunarverðan kjark í þessum aðstæðum.

„Hún var bara algjör hetja. Á meðan við biðum eftir sjúkrabílnum var ég nánast að farast úr stressi. Á meðan sat hún á rúminu, horfði á mig og sagði: „Mamma, anda inn, anda út!““

Þekkti ekki börnin sín

Hlöðver var fluttur beinustu leið á gjörgæsludeild Landspítalans. Þar kom í ljós að hann hafði fengið stóran blóðtappa í innra heilahvel. Hann var settur á blóðþynnandi lyf og haldið sofandi í öndunarvél næstu daga, áður en hann var fluttur á almenna deild. En það virðist sem að þessi blóðþynnningarlyf hafi náð að leysa upp tappann.

„Þegar hann vaknaði var eins og hann væri með autt blað í höfðinu, hann vissi ekkert hvað var í gangi. Það var ljóst að hann þurfti að læra allt upp á nýtt. Hann þekkti ekki börnin sín, en

hann þekkti mig þó.“

Þóra segir mann sinn einfaldlega vera svo þrjúskan að hann neitaði að fá hjálp frá sjúkraþjálfurum við að stíga á fætur. Hann var harðákveðinn í að gera þetta sjálfur. „Hann fékk aftur hreyfigetu í hægri fótinn og hægri höndina en gat ekki hreyft fingurna. Hann missti líka málið og gat lengi vel ekki talað. Svo fór hann að geta sagt „já“ og „nei“. Eftir rúmlega viku á spítalanum var hann fluttur á Grensásdeild og hann náði fljótlega ótrúlega miklum framförum í málinu. Hann gat þó ekkert skrifað og átti sömuleiðis erfitt með að finna sum orð. En smám saman fékk hann orkuna aftur.“

Þóra segir Hlöðver hafa sýnt magnaða þrautseigju í gegnum þetta ferli. „Hann var alltaf að segja: „Þetta er að koma, þetta er að koma, þetta er alveg að koma.““

Í hræðilegu ástandi

Hlöðver er nýbyrjaður í prógrammi hjá Virk og til stóð að hann færi að vinna aftur. Þá reið annað áfall yfir, þann 3. febrúar síðastliðinn.

„Hann var að taka jólaseríu af þakinu heima. Þennan dag fór ég að heiman um hálf þrjú leytið til að fara í sjúkraþjálfun. Hlöðver ætlaði að sinna dúfunum sínum og svo ætlaði að hann taka niður jólaseríuna.“

Ekkert er vitað nákvæmlega hvað gerðist, en líklegast er að Hlöðver hafi dottið úr stiganum á meðan hann var að taka niður seríuna.

„Um sex leytið fékk ég símtal frá henni Thelmu, barnfóstrunni okkar, en þá höfðu hún og yngsta dóttir okkar komið að Hlöðveri inni á gangi í hræðilegu ástandi. Thelma hringdi síðan á sjúkrabíl. Þá hafði Hlöðver einhvern veginn náð að koma sér inn sjálfur, hríðskjálfaði, illa áttaður og

mjög þjáður,“ segir Þóra, en hún segir líklegast að Hlöðver hafi dottið ofan á klakastykki og legið þar í roti í einhverjar klukkustundir áður en hann rankaði við sér og kom sér inn í hús.

„Hann hafði verið í kuldagalla og innanundir fötin voru rennandi blaut, líklega hefur þá líkamshitinn brætt ísinn sem hann lá ofan á.“

Hlöðver var fluttur beint á gjörgæslu. Rannsóknir leiddu í ljós að hann hafði fengið heilahristing, brotið rif og hlotið fleiri innvortis meiðsl. Þetta var, sem fyrr segir, þann 3. febrúar síðastliðinn. Þegar blaðamaður ræddi við Þóru var hún stödd við rúm Hlöðvers á Landspítalanum.

„Hann er eiginlega bara búinn að vera sofandi síðan þetta gerðist. Hann er núna fyrst að vakna og ranka við sér. Hann er mjög illa áttaður, en veit þó að hann er á spítala. Það virðist sem málstolið hafi versnað og það eru gloppur í minninu. Hann finnur ekki lykt eða bragð af mat og sjónin er heldur ekki eins og hún á að vera.“

Læknar hafa tjáð fjölskyldunni að tíminn þurfi að leiða í ljós hvernig Hlöðveri muni reida af. Þóra segir þau taka einn dag í einu en næsta skref verður að koma Hlöðveri í endurhæfingu á Grensásdeild. „Við vitum ekkert hvernig þetta fer, þetta getur tekið vikur, jafnvel marga mánuði.“

Sýna æðruleysi

Fjölskyldan hefur takmarkað stuðningsnet. Foreldrar Hlöðvers eru látnir og móðir Þóru, sem glímir við sama lömunarsjúkdóm, er á hjúkrunarheimili. Hún er bundin við rafmagnshjólástól. Föðurfjölskylda Þóru hefur stutt við bakið á þeim, sem og litla samfélagið á Eyrarbakka. „Svo erum við ótrúlega heppin með

hana Thelmu, sem er barnfóstran okkar, hún er engill í mannsmynd og er eins og ein af fjölskyldunni. Bekkurinn hjá stráknum okkar, foreldrar og kennarar ætla síðan að vera með kókubasar á næstunni og safna fyrir okkur. Það eru allir að hugsa til manns og það vilja okkur allir vel, það er yndislegt.“

Skiljanlega hefur þessi röð áfalla tekið sinn toll af fjölskyldunni, þá ekki síst fjárhagslega. Þóra þiggur örorkubætur og eftir heilablóðfallið í fyrra þurfti Hlöðver að reida sig á sjúkradagpeninga og greiðslur frá VR. Til stóð að hann færi á endurhæfingarlífeyri, en það er ekki enn komið í gegn.

Auk alls þessa lenti fjölskyldan í gríðarlegu eignatjóni í janúar þegar gat kom á ofnalög undir fataskáp í húsinu.

„Þegar ég kom fram á gang heima 2. janúar þá steig ég í ökklahátt vatn sem var búið að leka út um allt. Parkettið var allt ónýtt og það þurfti að rífa það upp, og skipta um ofnalagnir. Um sama leyti og Hlöðver fékk heilahristinginn var hann í miðju kafi að koma húsinu aftur í stand.“

Þrátt fyrir allt sem á undan hefur gengið sýnir Þóra mikið æðruleysi og það sama gildir um alla í fjölskyldunni. „Jú, jú, við höfum aðeins fengið að finna fyrir lífinu núna seinasta árið. En ég held að við séum alveg búin að fá okkar skerf núna. Núna er þetta bara á uppleið hjá okkur.“

Föðurfjölskylda Hlöðvers hefur hrundið af stað söfnun til að styðja við bakið á fjölskyldunni í erfiðleikum. Þeim sem vilja styðja fjölskylduna er bent á eftirfarandi reikningsnúmer. Margt smátt gerir eitt stórt. ■

0123-15-100291
kt. 131273-5419.



Fagleg og heildstæð þjónusta á sviði brotamálms

Við tryggjum áreiðanlega meðhöndlun á brotajárninu og brotamálminum þínum með umhverfisvænum hætti

M MÁLMA
ENDURVINNSLAN

Við kaupum brotamálm

Millberry Kopar/Eir



ISK 400 á kg.

Brotajárn



ISK 4 á kg.

Kopar/Eir



ISK 380 á kg.

Brass/Messing



ISK 260 á kg.

Brons



ISK 280 á kg.

Kaplar



ISK 45 á kg.

Ryðfritt stál



ISK 70 á kg.

Ál



ISK 65 á kg.

Blý



ISK 80 á kg.

Zink



ISK 50 á kg.

Brotamálmur
þungur í bræðslu



ISK 4 á kg.

Rafmótorar



ISK 35 á kg.

Offset prentplötur úr áli



ISK 80 á kg.

Tungsten



ISK 400 á kg.

Brotastál



ISK 5 á kg.

Stálstrengir



ISK 7 á kg.

Spennubreytar



ISK 35 á kg.

Hvarfakútar



Leitið tilboða

M MÁLMA
ENDURVINNSLAN

Stangarhylur 7 110 Reykjavík Sími: 5199819
info@malma.is www.malma.is

SVANASÖNGUR ÖRVITANNA

■ Ástir, eldgos og martraðir meðvirkra

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



Alltaf er jafn auðvelt að finna maður eitthvað ofsalega skítugur þegar maður horfir á vitleysingana tvo í Klovn. Að fylgjast með lífi þeirra Franks Hvam og Caspers Christensen er eins og dæmi um verri eðlishvatir karldólgisins, hvors á sinn hátt, án þess að það verði að lögreglumáli. Báðum mönnum tekst alltaf að finna nýjar leiðir til að ganga út fyrir siðferðis- og velsæmismörk og það er hlutverk okkar áhorfenda að hlæja, benda og horfa undan. Svona lítur það út þegar þróunarkenning mannsins er sýnd í bakkgír.

Húmor þessara dónadana nær þó ítrekað að framsetja efnið með köldum raunsæisblæ á milli farsagangsins sem gerir þá heimskupör lygasjúku lúðanna þeim mun trúverðugri. Því er það ekki að ástæðulausu að hinir meðvirkustu upplifa bæði þættina og kvikmyndirnar sem einhvers konar martroð.

Það skal strax sagt að Klovn: The Final kemst ekki alveg með tærnar þar sem groddaralegheit og brótt stemning fyrstu myndarinnar var með hælana. Hún er betri en miðjumyndin, fyndnari og spilast síður út eins og langur þáttur þar sem lopinn er teygður. Þessi svanasöngur hirðfíflanna beggja er meira af því sama, eða reglulega, sem áhorfendur annaðhvort elska eða hata við trúðana tvo.

Að þessu sinni fjallar ærslagangurinn um misheppnaða ferð félagana til Íslands, þegar Eyjafjallajökull byrjar að gjósa. Frank er nýskriðinn á sextugsaldurinn, með gráa fíðringinn stöðugt kraumandi, hugann á sjálfstýringu og hjónaband hans og Miú er á hálum ís sem aldrei fyrr (... loksins). Þá tekur að sjálfsgöðu við atburðarás þar sem hver vandræða- og lygagryfjan



á eftir annarri dýpkar og neyðist Frank þá fyrir fullt og allt að sanna hvað í honum býr áður en skaðinn verður endanlegur. Á sama tíma er Casper alltaf samur við sig, nema nú glímur hann við hið undarlegasta vandamál sem tengist samskiptum hans og nýrrar tengdamóður hans.

Við þekkjum öll einn

Fyrsta kvikmyndin fjallaði um Frank að takast á við föðurhlutverkið (með þeim blússandi árangri sem varð raunin), önnur myndin gekk út á vináttu fíflanna þegar líf beggja var hvað mest að stíva þeim í sundur. Í þriðju bíólotunni er það ástin sem er ofar öllu í þemanu og þarf lykiltrúðurinn

að sanna sig fyrir fullt og allt áður en spúsan gefst endanlega upp á vítahringnum.

Eins og við má búast er farsinn auðvitad í tólfra gir og meikar engan sens, eins og sagt er. Það koma þó vissulega ákveðin þreymmerki í þessa seríu þegar rúttin er orðin svona sterk. Eftir allt það vesen sem er að baki hjá persónunum er stuðullinn svo brandaralega hár að það kemur fátt orðið á óvart með þessa trúða. Undirritaður fær einnig þá tilfinningu að fyrsta kvikmyndin hafi farið svo langt yfir strikið í augum almennings að önnur og þriðja myndin hafa

einfaldlega ekki magann eða þorið til að fara sambærilega leið. Það breytir þó ekki því að myndin heldur prýðisdampi, handritið lumar á síkætandi manneskjulegri hnyttni og leikararnir eru bráðskemmtilegir, hver og einn einasti.

Það er engin stórvægileg dýpt í þessu bíói en afþreyingargildið heldur sér og gott betur ef viðkomandi veit hvers er að vænta. Húmorinn er ekki sá dannaðasti en það eru heldur ekki einstak-

lingarnir sem hér er stöðugt reynt að snara þroska- og dæmisögu í kringum. En við hlæjum eða hneykslumst því við þekkjum öll því miður að minnsta kosti einn Frank og þrjá eins og Casper. Lokasenu myndarinnar sækja sennilega fullmikið í einn stærsta hápunkt fyrstu myndarinnar, en því verður ekki neitað að lokauppgjörið er alveg húrrandi gott grín. Frábær leið til að reka smiðshöggið á tengsl áhorfandans við tvíeykið góða.

Í stuttu máli:

Ósmekklek, fáránleg og fyndin til skiptis. Svanasöngur Franks og Caspers sýnir að það er stundum í lagi að hlæja að óföllum annarra. ■



Rómantik & gjafir

14. febrúar 2020

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is



ÁRANGURSRÍKAR SNYRTI- OG LÍKAMSMEDFERÐIR HJÁ VIRAGO:

„Það þarf ekki að vera vont til að virka“

Snyrtistofan Virago býður upp á fjölbreyttar og árangursríkar líkams- og snyrtimedferðir fyrir þá sem gera kröfur. „Við eru fimm talsins hjá Virago og höfum aflað okkur mikillar þekkingar og reynslu í þeim meðferðum sem við bjóðum upp á. Við erum bæði með byltingarkenndar nýjungar sem og hefðbundnar snyrtimedferðir eins og neglur, augnháralengingar, ferdunartattú, microblade-meðferðir fyrir augabrunir og háreyðingarmedferðir,“ segir Hafdís Björg Kristjánsdóttir.


„Vinsælasta meðferðin hjá Virago er Trimform-meðferðin.“ Rafmagnsblöðkur sem senda rafstraum í gegnum húðina eru vandlega staðsettar á valin líkamssvæði. Trimform getur tekið á ýmsu eftir því hvernig blöðkurnar eru staðsettar. Algengast er að nýta meðferðina til að auka brennslu, til styrkingar eða gegn húðvandamálum. „Margir koma til okkar eftir þyngdartap til þess að stinna og styrkja húðina. Einnig nýtist það gegn vöðvabólgu og til að styrkja grindabotninn. Fólk finnur greinilegan mun á sér og kemur aftur og aftur. Trimformið hefur verið lengi í boði á Íslandi og fólk þekkir árangurinn. Hver tími er 40 mínútna langur. Margir taka tarnir og mæta tvisvar-þrisvar í viku í ákveðinn tíma. Aðrir taka lengri pásur inni á milli skipta. Þá er einnig hægt að kaupa hjá okkur 5–20 skipta kort.“

Ótrúlegur árangur af Trimform. Einnig býður Virago upp á SRT Teygjunudd. Um er að ræða nýja gerð af nuddmeðferð, sem fundin var upp af Bandaríkjamanninum Chris, og samtengir hið líkamlega

og andlega með teygjum, nuddi og andlegri slökun. „Ég kynntist SRT Teygjunuddi í gegnum feril minn sem einkaþjálfari. Sjálf var ég alltaf fókuseruð á líkamlega hlutann þegar kom að heilsu og vellíðan. Eftir að hafa kynnt SRT Teygjunuddi og slökunarnuddi sá ég með eigin augum hversu mikil áhrif andlegi þátturinn hefur á líkamann. Fólk er fast í þeirri trú að það þurfi að upplifa sársauka til að losna við verki í líkamanum, en sársaukafullt nudd getur oft gert illt verra.“

SRT Teygjunudd er áhrifaríkt gegn ýmiss konar sársauka og verkjum. „Margir tala um að þeir hafi sjaldan náð að slaka jafn vel á eins og í meðferð hjá mér og fólk nær oft góðum djúpsvefni næturnar á eftir, sem er oft eitthvað sem vantar. Góður og djúpur svefn er bráðnaðsynlegur þegar kemur að því að heila verkjaðan líkama. Þetta spilar allt saman, nuddið, teygjurnar, slökunin og svefninn. Ég hef fengið virkilega jákvæð viðbrögð frá viðskiptavinum mínum og það er uppbókað hjá mér langt fram í tímann. Margir taka 6–8 skipta tarnir og koma 2–4 sinnum í mánuði. Aðrir mæta í eitt skipti og panta svo tíma ef verkirnir taka sig upp aftur. Ég vil benda á að þetta er ekki töfralausn sem virkar eins fyrir alla. SRT Teygjunudd ein af mörgum meðferðarleiðum sem hægt er að nýta til þess að vinna á verkjum í líkamanum.“

Í Hollywood Glow andlitsmeðferðinni eru infra-rauðir ljósgeislar nýttir til þess að auka kollagenframleiðslu húðarinnar. „Árangurinn er ótrúlegur og sést samstundis. Fyrst er maður smá rauður í húðinni en eftir tvo daga



Fyrir Trimform hægra megin og eftir vinstra megin.

er roðinn farinn og eftir stendur sléttari og stinnari húð. Öll drulla í húðsekkjum og kúlar sem brotna ekki niður af sjálfsdáðum, hverfa eins og dökk fyrir sólu. Sé fólk að panta meðferð fyrir sérstök tilefni mælum við með að koma minnst tveimur til þremur dögum áður. Meðferðin virkar líka annars staðar á líkamanum. Til dæmis er þetta ótrúlega árangursríkt til þess að losna við hvítleiðar bólur á bakinu o.fl.“

Hollywood Glow.

Virago er stoltur söluaðili St. Tropez brúnkuvaranna. „Við bjóðum upp á SprayTan meðferðir með St. Tropez vörunum. SprayTan verður sifellt vinsælla enda eru konur og karlar orðin mun meðvitaðri um skaðsemi sólarinnar á húðina. Við bjóðum upp á fjölbreyttar brúnkumeðferðir, allt frá keppnisbrúnku fyrir fitnessmódel til brúnkumeðferða fyrir þá sem vilja bara smá lit sem skolast af daginn eftir. Við þösum að liturinn passi við undirtón húðarinnar svo útkoman sé sem fallegust. Við mælum með að pantaður sé tími í brúnkumeðferð a.m.k. degi fyrir sérstaka viðburði. Það tekur stuttan tíma fyrir efnið að

þorna á húðinni, en um 6–8 tíma fyrir fulla virkni. Því má ekki fara í sturtu fyrr en eftir minnst 6 tíma. Ef eitthvað kemur fyrir og brúnkan skemmist, bjóðum við fólk að koma og láta laga endurgjaldslaut. Það er okkur mikilvægt að viðskiptavinir okkar séu ánægðir með útkomuna. Einnig er vinsælt að senda steggi í keppnisbrúnkumeðferð, og þá kunnum við líka alveg reyna á þanþol St. Tropez varanna,“ segir Hafdís og glóttir.

Nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðu Virago, virago.is Faxafen 14. Símanúmer: 552-4422 Facebook: Virago





Febrúar er ástarmánuður í home&you

Pólska húsbúnaðarverslunin home&you var opnuð með pomp og prakt í apríl síðastliðinn og stimplaði sig samstundis inn sem ein af skemmtilegustu heimilisvöruverslunum Reykjavíkur. Vörurnar falla svo sannarlega í kramið hjá stílmeðvituum Íslendingum og vinsælar vörutegundir seljast fljótt upp. „Við erum með hátt yfir þrjú þúsund fjölbreyttar vörutegundir frá home&you merkinu hér í búðinni. Við erum með allt frá þvottapokum og baðvörum yfir í barnavörur, skartgripaskrín, veggspjola og einstaka sófaborð. Home&you vörurnar eru fallegar og vandaðar og það besta er að þær eru á sanngjörnu verði sem dregur að viðskiptavinum,“ segir Anna Guðrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri home&you á Íslandi.

Komdu ástinni þinni á óvart með fallegum konudagsgjöfum
Febrúar er sannkallaður ástarmánuður. Valentínusardagurinn er upprunninn og konudagurinn er handan við hornið og því upplagt að sýna ást sína til makans í verki. „Við eigum fullt af fallegum kvensloppum sem eru fullkomnir í konudagsgjöf. Slopparnir koma í ýmsum litum, mynstrum og efnum. Þá eigum við bæði hlýja og notalega kúrusloppa og fallega þunna sloppa úr silkiefni.“

Hvað er heimili án ilms? Húsilmur og ilmkerti eru klassískar konudagsgjafir sem skjóta alltaf í mark, alveg eins og ástarengillinn Kúpid. „Við eigum gott úrval af æðislegum ilmi sem setur punktinn yfir i-ið á fallegu heimili.“

Játaðu ást þína í kaffibolla
Færðu elskunni þinni heitt súkkulaði eða kaffi í rúmið í bolla sem segir allt. „Hjá okkur færðu kaffi- eða

tebolla með fallegum áletrunum og ástarmáningu, því það er aldrei hægt að játa ást sína of oft. Fyrir klaufska er samt kannski sniðugra að fylla bollann af súkkulaðimolum.“

Home&húmor

Það vantar svo ekki húmorinn hjá fyrirtækinu. „Við eigum stórskemmtilega sparigrisi fyrir þör. Þá er stór gris með minni gris sem hvílir ofan á þeim stóra. Á litla grísum stendur „his money“ og á stóra grísum stendur „her money“, en brandarinn er að grísirnir eru samtengdir og því er peningurinn þeirra beggja.“

Vandaðar heimilisvörur

Home&you er með gott vöruúrval af fallegum settum á baðherbergi. „Þá færðu tannburstaglas, sápuþumpu, bómullarkrukku, klósettbursta og fleira, allt í stíl. Þetta er svo auðveld og áhrifarík leið til þess að breyta aðeins til heima hjá sér. Ég vil líka minnst á að mikkrofíber pólýesterblöndu lökin okkar eru á frábæru verði, enda sívinsæl. Ólíkt mörgum ódýrari lökum þá svitnarðu ekki neitt með þessi. Lökin fást í helstu stærðum og það dýrasta er á 3.990 kr., sem telst afar gott verð fyrir 200x220 cm lak.“

Baðmotturnar frá home&you eru alger himnasending inn á heimili þar sem enginn gólfhiti er. „Ég er með svona mottu í svefnherberginu mínu því hún er bæði mjúk og notaleg og stöm undir. Svo skemmir ekki fyrir hvað hún er falleg.“

Í stofudeildinni er að finna allt milli himins og jarðar til að fegra heimilið: kertastjaka, styttur, vasa, gerviblóm, blómapotta og skálar. Marga af þessum vöruflokkum er hægt að fá í stíl sem setur fallegan heildarsvip á stofuna. „Þá erum við með falleg box á sófaborðið t.d. til þess að geyma sjónvarpsfjarstýringar eða

þrjónadótið í. Einnig erum við með mikið úrval af styttum sem við seljum ógrynni af daglega. Svo eigum við líka glæsileg skartgripaskrín fyrir konur á öllum aldri sem hafa meðal annars verið vinsæl í fermingargjafir. Álíka skartgripaskrín hafa víst ekki fengist lengi á Íslandi og því er gaman að geta boði upp á þau hér hjá okkur.“

Hjá home&you færðu líka allt fyrir borðhaldið: bollastell, leirtau, falleg vínglós, dúka, löbera og margt fleira. „Undanfarið hafa vinsælustu löberarnir verið í hvítu, svörtu, gylltu, silfrudu og rósagulli, en með árstiðaskiptum koma bjartari litir. Við erum t.d. að fá nýja löbera í fallegum flöskugrænum og kóngabláum lit. Við erum dugleg að vera með puttann á púlsinum þegar kemur að hátíðahöldum og þegar nýjar árstiðir ganga í garð. Smekkur manna breytist enda með hækkandi og lækkandi sól.“

Barnavörur í úrvali

Barnalínan frá home&you hefur slegið í gegn enda ýmislegt að finna þar sem ekki finnst annars staðar. „Við eigum mælistikur fyrir börn í bleiku og bláu. Á ákveðnu tímabili verða börn virkilega spennt yfir því hvað þau stækka hratt. Þetta er því tilvalið til að hengja í barnaherbergi. Stíkan mælir hæð barnsins og svo er pláss fyrir þrjár myndir af barninu á mismunandi aldri. Einnig eigum við gullfalleg skartgripaskrín fyrir stelpur sem elska að punta sig. Skrínin eru með dansandi ballerínu og spíladós sem kveikir heldur betur í nostalgíunni hjá mömmunum.“

„Ég get haldið endalaust áfram því listinn er ótæmandi. Í home&you færðu allt sem hugsast getur inn á heimilið og það sem viðskiptavininum finnst best er að þarna eru þeir ekki bara að finna gjafavöru heldur líka fallegar vörur fyrir sig sjálfa á flottu verði.“



Komdu og heillastu af vönduðum heimilisvörum frá Home&you í Skeifunni 11b, 108 Reykjavík. Facebook: Home&you Iceland. Sími: 421-6100



TILBOÐ : 279.000

VAR 350.000

- hiti 30-75 C (því 60 - 75 er það sem lætur þig svitna)
- 4manna klefi
- Interior Wood: Hemlock
- Exterior Wood: Hemlock
- Power: var 2360W Verður 2790W = hitnar hraðar
- Infrared Heating Panel and Ceramic heating
- Color Therapy
- FM/Aux/bluetooth
- Spot Light
- 6mm Clear Tempered Glass
- Cabinet Size: 1650x970x780x1900mm
- Feet Heating Panel on floor
- 2 hátalar
- Air refresher
- Stjórnborð að innan og utan

TILBOÐ : 199.000

VAR 239.000



- hiti 30-75 C (því 60 - 75 er það sem lætur þig svitna)
- 2manna klefi
- Interior Wood: Hemlock
- Exterior Wood: Hemlock
- Power: Var 1845W verður 2010W = hitnar hraðar
- Infrared Heating Panel and Ceramic heating
- Color Therapy
- FM/Aux/bluetooth/usb
- Spot Light
- 6mm dark Tempered Glass
- Cabinet Size: 1200x1050x-1900mm
- Feet Heating Panel on floor
- 2 hátalar
- Air refresher

TILBOÐ : 228.000

VAR 280.000



- hiti 30-75 C (því 60 - 75 er það sem lætur þig svitna)
- 3manna klefi
- Interior Wood: Hemlock
- Exterior Wood: Hemlock
- Power: Var 2190W verður 2375 W = hitnar hraðar
- Infrared Heating Panel and Ceramic heating
- Color Therapy
- FM/Aux/bluetooth/usb
- Spot Light
- 6mm dark Tempered Glass
- Cabinet Size: 1500x1050x-1900mm
- Feet Heating Panel on floor
- 2 hátalar
- Air refresher

FLEIRI VÖRUR MÁ FINNA INNÁ HEIMASÍÐUNNI OKKAR



HÖFUM MARGT FYRIR ÞÁ SEM STARFA Í HEILSUGEIRANUM



TIL AÐ MYNDA NUDDBEKKIR STEINAPOTTUR NUDDSTEINAR NUDDLÖK NUDDPAPPÍR OLÍUR NUDDOLÍUHITARI HITATEPPI NUDDBELTI SNYRTIBEKKIR ANDLITSLÖK ÓLÉTTUPÚÐAR NUDDSÆTI INNFRARAUÐIR HITALAMPAR O.FL.



TOGBEKKUR

- Togbekkur sem kemur bakinu þínu í lag
- Togbekkur fyrir hryggjaliðina og bakverki
- Gott við allskyns bakvandamálum
- Losar um stress
- Eikur liðleika og hreifigetu



NUDDBEKKUR

- Mikið úrval af allskyns nuddbekkjum
- Tekur 340 kg
- Breidd 79cm, lengd 1.84 cm fyrir utan höfuðpúða.
- 7.6cm þykkt með memory foam



SNYRTI OG NUDDBEKKUR

- Tilvalið fyrir Snyrtifræðinginn, Nuddarann, fótaaðgerðafræðinginn og aðra í heilsugeiranum
- Lyftir 206 kg
- Breidd 76 cm án arma
- Rafmagnslyfta á efri og neðri hluta
- Höfuðpúði þar sem andlit fellur inn í fylgir
- Svartir og Beige litaðir



Valentínusarhelgin verður ekki fullkomnuð nema maður geti kúrt í sófanum með góða bók

Amor, Eros, Kúpid, Venus, Afróditá! Ástin er alltumlykjandi á þessum degi heilags Valentínusar og hvað er meira vídeigandi á slíkum degi en að sökkva sér í góða ástarsögu á meðan úti geysar stormur? Rauða serían er ef til vill ein þekktasta birtingarmynd ástarsagna á Íslandi enda eru bækurnar viðlesnar af körlum og konum á öllum aldri. Rauða serían varð til árið 1985 þegar Rósa fékk þá flugu í höfuðið að gefa út vasabrotsbækur á íslensku. Þrjátíu og fimm árum síðar hefur hún nú gefið út 2.716 titla, þar af 761 rafrætur og 26 hljóðbækur. „Ég er hvergi nærri hætt enda er lesendahópurinn stór og tryggur og svo er þetta einfaldlega svo gaman,“ segir Rósa Guðmundsdóttir.

Ástin breytist aldrei

„Þegar ég horfi til baka hafa orðið ótrúlegar breytingar á þessum 35 árum. Samt erum við alltaf að leita að því sama. Það er gleði og hamingja. Ástin breytist aldrei og hún eldist ekki heldur. Við viljum öll að börnin okkar fái allt það besta, góða heilsu og frábæra framtíð. Þetta endurspeglar bækur Rauðu seriunnar. Bækurnar byggjast á spennu og gleði og þær enda allar vel þannig að lesandinn situr ekki eftir með hugann í uppnámi. Þær uppfylla það sem lesandinn leitar eftir þegar hann sest niður til að lesa bók. Samkvæmt nýjustu tölum eru Íslendingar duglegir að lesa spennusögur, en fjórar af hverjum

sex bókum Rauðu seriunnar eru spennusögur. En ég gef líka út mýkri sögur eins og Ástarsögur og Sjúkrahússögur fyrir þá sem vilja lesa þannig sögur.“

Góð þýðing er undirstaða góðrar bókar

Ásútgáfan fær sendar sextíu nýjar bækur á ensku á mánuði frá bókaútgáfunni Harlequin Enterprises. „Sjálf les ég um 15–20 bækur mánaðarlega til þess að velja í flokkana, sem eru eins ólíkir og þeir eru margir. Sama gildir með lesendurna, en lesendahópurinn er afar fjölbreyttur.“ Rósa biður stundum í nokkur ár með útgáfu og safnar bókum saman í seríu. „Hver höfundur skrifar sjaldan meira en tvær bækur á ári um sömu fjölskylduna. Þá geymi ég bækurnar þangað til þær eru allar komnar og gef þær út allar í röð. Lesendur mínir vilja flestir lesa alla seríuna í einum rykk og láta ekki bjóða sér að fá 1–2 bækur á ári í fjögur ár. Við höfum ávallt lagt mikið upp úr því að hafa bækurnar á góðri íslensku og erum svo heppin að eiga frábæra og vel menntaða þýðendur. Góð þýðing er enda undirstaða góðrar bókar.“

Ódýri bókapakkinn fyrir alla fjölskylduna

Ásútgáfan gefur út stakar bækur en einnig saman í stórsniðugum pakka. „Það góða við þessa pakka er að bækurnar eru úr ólíkum seríum. Í pakkanum eru fjórar bækur og tvö blöð, allt úr sex mismunandi

seríum sem eru hverri annari ólíkari. Þá getur hver fjölskyldumeðlimur fengið eitthvað að lesa við sitt hæfi. Konan vill kannski ekki lesa ljótar sögur og vill bara lesa ljúfar og fallegar sögur. Ástarsögurnar og Sjúkrahússögurnar falla þá vel í kramið hjá henni. Svo vill bóndinn kannski hafa eitt til tvö morð í sinni sögu og meiri spennu. Þá getur hann valið sögur úr Ást og undirferli flokknum eða Ást og afbrot, en þær eru harðastar. Unglingarnir hafa verið mjög hrifnir af Ást og óvissa sem eru meira eins og kúrekasögur. Svo eru Örlagasögurnar alltaf sívinsælar hjá öllum kynjum. Þessar seríur hafa algerlega slegið í gegn og ég held að það sé vegna þess að við Íslendingar erum svo mikið fjölskyldufólk. Við viljum vita hvað er að gerast hjá öllum meðlimum fjölskyldunnar og svo eru alltaf að finnast launbörn í sögunum sem rugla allt.“

Sögur sem falla í kramið

Bækurnar sem koma út frá Ásútgáfunni lúta ákveðnum lögmálum og væntingum sem verður að uppfylla. „Í fyrsta lagi þarf að vera efni í henni, á blaðsíðu fimmtán þarf að vera komin spenna. Við stílum inn á rómantikina og spennuna og svo hafa gömul óleyst sakamál verið verulega vinsæl. Sagan þarf einnig alltaf að enda vel, því að bækurnar eiga að ganga upp og fólk verður að ná saman í lokin. Lesendur vilja ekki vera skildir eftir í uppnámi með óljós endalok. Við

lesum til að öðlast gleði, ekki til að búa til ný vandamál.“

Þú finnur allar bækurnar í rafræturabúðinni

„Þegar ég byrjaði með rafræturabúðina hafði ég áhyggjur af því að prentuðu bækurnar myndu falla í sölu en því fór fjarri lagi. Það er alveg nýr lesendahópur sem kaupir rafræturabækurnar. Margir Íslendingar sem búa erlendis vilja lesa á íslensku. Svo er eldra fólk sem hefur alltaf lesið bækurnar en sér illa. En það getur lesið á spjaldtölvu. Ég sendi þeim bækurnar í Word-skjali svo það þurfi ekki að hlaða þeim niður af netinu. Það er t.d. mjög vinsælt að gefa spjaldtölvu með áskrift að bókum Ásútgáfunnar í jólagjöf. Eftir að rafrætur hefur verið keypt er alltaf hægt að sækja hana aftur inn á „mínar síður“ í rafræturabúðinni í hvaða tölvu sem er. Margir kaupa 10–15 rafrætur áður en farið er í frí og lesa svo í rólegheitum í spjaldtölvunni eða Kindle á ströndinni eða bústaðnum sem hefur ekkert internet. Rafræturabúðin kemur líka að góðum notum þegar uppgötvast að það vantar kannski eina bók í einhverri ákveðinni seríu. Þá má bóka að hún er til í rafræturabúðinni því þær eru alltaf til þar.“

Bækurnar frá Ásútgáfunni má finna í öllum bestu bókaúðum landsins sem og fjölmörgum matvöruverslunum. Nánari upplýsingar má nálgast á asutgafan.is

Sérblað

14. febrúar 2020

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarisdóttir / johanna@dv.is



Hættu að væla komdu að kæla

Fjögur ár eru liðin síðan Vilhjálmur Andri Einarsson hóf ferðalag sitt til betri heilsu og breytingin er með ólíkindum. Andri var langt leiddur í þunglyndi og þjakaður af krónískum bakverkjum eftir að hafa orðið fyrir mænuskaða 13 ára. Hann deyfði sársaukann með lyfjum og áfengi sem hafði sitt að segja þar til hann einfaldlega gat ekki meir. „Ég stóð í skilnaði á þessum tíma og sá enga framtíð. Mig langaði mest til þess að stimpla mig út,” segir Andri.

Hætti loks að væla

Andri stóð hér ákveðnum þröskuldi og hafði engu að tapa að honum fannst. „Ég skræði mig á námskeið til að læra að hreyfa mig. Á námskeiðinu barst talið að Hollendingnum Wim Hof sem er frægur fyrir að geta þolað ýkt kuldaskilyrði. Ég hafði séð myndband með þessum gæja og stimplaði hann sem algeran rugludall, gangandi um snævipakin fjöll á nariunum einum klæða. Strákarnir á námskeiðinu voru hissa á fordómum mínum og sögðu mér að „hætta að væla“ og prófa þetta bara sjálfur.”

Andri varð forvitinn og fjárfesti í kari, fyllti það af ísvatni heima í

garðinum og skellti sér ofan í. „Ég gjörsamlega emjaði og öskraði af sársauka. Ég vissi engan veginn hvernig ég átti að bregðast við þessum óbærilega kulda. En eftir nokkur skipti gerðist eitthvað. Ég lærði smám saman að slaka á gefa eftir. Ég hef gefist ótal sinnum upp á lífinu og vissi hvernig það var að vera alveg á botninum. Þessi reynsla gerði mér kleift að finna ró í öllu þessu innra og ytra áreiti.”

Á þremur vikum tók líf Andra algeran viðsnúning. „Bólgnar í bakinu sem ollu þessum króníska sársauka hjöðnuðu og einkennin voru 90% á bak og burt. Ég gat loks hreyft mig almennilega og í kjölfarið fór þunglyndið þverrandi. Ég sætti mig við raunveruleikann eins og hann var og það var ekki fyrr en þá sem ég átti von um að ná bata. Ég náði að endurnýja kerfin í huganum og líkamanum. Ég líki þessu stundum við það að við séum að keyra á eldgamalli hugbúnaðaruppfærslu. Allt okkar líf er einn stór vani og vítahringur. Við viljum kenna fólk að brjóta hugsanamynstrin og gera uppfærslu á eigin kerfi. Þegar við lærum að taka stjórnina fara ótrúlegustu hlutir að gerast. Í dag er ég í besta formi lífs míns og hef

ekki orðið lasinn í fjögur ár því að líkami og hugur eru í jafnvægi. Þegar maður er í jafnvægi þá vinna öll önnur kerfi líkamans miklu betur. Ónæmiskerfið er einfaldlega betur í stakk búið til að sigrast á sýkingum.”

Dag frá degi erum við föst í „berjast eða flýja“-ástandið (fight or flight) sem í forsögulegum tíma hjálpaði mannskepnunni að varast raunverulegar hættur eins og rándýr. Slíkt ástand gerir okkur ofurathugul svo við getum brugðist snögg við, en er að sama skapi orkufrekt. „Einhver flautar á okkur í umferðinni eða það er mikið að gera í vinnunni. Hvorugt er lífshættulegt en samt eru viðbrögðin að fara beint í „berjast eða flýja“-ástandið. Þetta getur valdið langvarandi kvíða og stressi og veldur loks þunglyndi. Það magnar upp allt sem hrjáir okkur, hvort sem það eru verkir eða annað. Við erum föst í vítahring en þurfum að læra að slaka á og finna jafnvægi.”

Lítil táknsaga um lífið sjálft

Hættu að væla komdu að kæla er ekki bara námskeið í því að vera lengi í kalda pottinum eða geta synt í ísilagðri tjörn. „Við kennum fólk að ná stjórn innra með sér og

finna ró og jafnvægi í nánast hvaða aðstæðum sem er. Kuldabað er afar kraftmikil og mögnuð leið til þess að þjálfa okkur í því að halda jafnvægi. Þegar þú ferð í ískalt bað í fyrsta sinn án nokkurrar þjálfunar eru mismunandi leiðir til þess að takast á við kuldann. Okkur er eðlislægt að stífna upp, anda grunnt, verða taugaveikluð og berjast við tilfinninguna. En það er líka hægt að takast á við ástandið með því að halda ró og finna jafnvægi. Það er einmitt það sem við kennum á námskeiðinu. Að læra að takast á við sjálfan sig og ná jafnvægi í svo öfgakenndu ástandi er eitthvað sem við getum nýtt okkur í öllu því sem við tökum okkur fyrir hendur. Þetta er í raun eins og lítil táknsaga um lífið sjálft.”

Námskeiðið er ætlað þeim sem vilja kanna eigin kraft og getu og er gott fyrir:

- Aukið úthald
- Topp heilsu
- Langvinna verki
- Streitulosun
- Andlega heilsu
- Þyngdarstjórnun
- Betri svefn
- Aukna einbeitingu

Næsta Hættu að væla komdu að kæla námskeið hefst 1. mars og lýkur 21. mars.

Á öndunarnámskeiðinu Bless stress lærirðu aðferðir til þess að losa um stress og kvíða, öðlast meiri orku, skýrleika í hugsun, tilfinningalegt jafnvægi og margt fleira.

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðunni andriiceland.com





FITLIFE:

Ný æfingakerfi í hlaupum og þríþraut!

Það hentar ekki öllum að mæta á fyrirfram ákveðnum tíma í ræktina og hafa einkaþjálfarann standandi yfir sér á meðan þeir svitna og púla. Margir vilja frekar fá prógramm í símann þar sem þeir geta hreyft sig á sínum forsendum og á sínum tíma. Auk þess vilja margir gera æfingarnar heima hjá sér eða úti. Fitlife er hugarfóstur Amöndu Marie Ágústsdóttur sem hefur starfað sem þjálfari í um átta ár og einkaþjálfari í fimm ár. „Fitlife er framlenging á einkaþjálfarastarfinu og mér fannst tilvalið að bjóða upp á þessa þjónustu til þess að geta hjálpað sem flestum,“ segir Amanda.

Amanda.

Fitlife byggist á snjallforriti fyrir iPhone- og Android-síma, þar sem þú færð sérsníðið prógramm með æfingaplani og matarplani. Snjallforritið inniheldur myndbönd sem kenna nákvæmlega hvernig á að gera hverja æfingu fyrir sig. Þú skráir niður árangur og framfarir í appið. Einnig geturðu hlaðið inn myndum til að fylgjast með árangrinum. Amanda hefur nú bætt við tveimur nýjum þjálfunarleiðum á Fitlife æfingakerfið. Þá er hægt að velja annars vegar þriggja mánaða hlaupa- og styrktarprógramm og svo þriggja mánaða þríþrautar- og styrktarprógramm ásamt þeim þjálfunarleiðum sem áður voru í boði. „Helsta ástæðan fyrir því að ég vildi bæta við æfingaprógrömmum

í hlaupi og þríþraut er aukinn áhugi á þríþraut hjá þeim sem voru að æfa hjá mér sem helst í hendur við auknar vinsældir fjölþrautarinnar Landvættir. Sjálf hef ég ástríðu fyrir þríþraut og hef lengi verið að hjálpa öðrum við að æfa fyrir þríþraut og hlaup. Það var því mjög rökrétt framhald að bjóða upp á þessa þjónustu sem hluta af Fitlife.“

Mistök að byrja of geyst

Margir byrjendur gera þau mistök að byrja of geyst. Að hlaupa of hratt of snemma hefur þveröfug áhrif en ætlað var enda er líkaminn engan veginn í stakk búinn til þess að þola þessi miklu átök og árangurinn næst mun hæggar en ella. Þetta er líka uppskrift að líkamsmeiðslum síðar meir. Fæstir vita einnig á hvaða hjartsláttarsvæði þeir eiga að æfa eða hvernig þeir eiga að stýra æfingum til þess að hámarka árangur. „Fólk er oft ekki að hvíla nægilega á milli æfinga. Það er nauðsynlegt að taka reglulega hvíldardaga til að tryggja næga endurheimt, því líkaminn tekur mestum framförum í batanum. Mesti og besti árangurinn næst við að vinna sig upp hægt og rólega. Þú getur ekki stokkið frá byrjunarreit yfir á fimmta stig heldur þarf að fara í gegnum hvert skref fyrir sig. Hvert skref er grunnurinn að næsta stigi.“

Persónubundin þjálfunarkerfi

Amanda tekur að sér að þjálfa alla, hvort sem þeir eru byrjendur

eða þrautþjálfaðir íþróttamenn. Hlaupa- og þríþrautaræfingakerfin eru 100% persónubundin og stillt út frá persónulegum markmiðum og getu hvers og eins. „Það hlaupa allir á mismunandi hraða, fólk hefur ólíkan bakgrunn og það geta ekki allir æft jafn marga klukkutíma á viku. Það er líka mikilvægt að setja sér markmið sem haldast í hendur við settan keppnisdag og þá stillum við æfingakerfið út frá því. Ég vildi að ég gæti sagt að eftir þriggja mánaða prógramm hjá mér verði hver og einn farsæll hlaupari, en það virkar ekki þannig. Þó svo prógrammið byggist á vísindalegum gögnum og sé sérsníðið að hverjum og einum fyrir hámarks árangur, þá veltur allt á getu og hvata hvers og eins, hversu vel hann fylgir æfingakerfinu, hversu mikið og lengi hann er tilbúinn að æfa og hversu vel líkaminn tekur við þjálfuninni. Ef ég fæ til mín skjólstæðing sem uppfyllir allar þessar kröfur, er hann farinn að finna fyrir góðum árangri innan þriggja mánaða og bætir reglulega tíma sinn í keppnum. Þetta er eins og að safna í fitnessbæk. Svo lengi sem þú æfir reglulega þá sérðu árangur og bækurinn fyllist jafnt og þétt.“

Lykilatriði að hafa þjálfara í þríþraut

„Í þríþraut eykst flækjustigið út frá hlaupakerfinu enda inniheldur þríþrautin bæði sund og hjólréiðar ásamt hlaupum. Sundþátturinn

vefst fyrir flestum sem eru að taka sín fyrstu skref í þríþraut og býð ég því einnig upp á einkakennslu í sundi meðfram þríþrautarprógramminu.“ Einnig segir Amanda að það sé lykilatriði að hafa þjálfara til þess að ná sem bestum árangri í þríþraut. „Ég hef sjálf keppt á Elite stigi í þríþraut og nýlega tók ég þátt í þríþrautarkeppni í Valencia á Spáni og sigraði í kvennaflokknum. Einnig hef ég unnið í fjölda keppnum á Íslandi. Þótt ég sé með mikla reynslu af þjálfun í þríþraut og hlaupum þá finnst mér ég samt þurfa minn eigin þjálfara. Það er auðvelt að verða þröngsýnn þegar kemur að eigin þjálfun og framför. Það er jafnvel alls ekki óalgengt að í sömu vikunni gangi maður bæði of nærri sér og taki því of rólega. Það er því mikilvægt að hafa einhvern óhlutbundinn sem skoðar framför þína með gagnrýnum augum og leiðbeinir þér í rétta átt. Velgengni í keppnum segir fátt um færni þjálfara til þess að þjálfa aðra. Góður þjálfari mætir skjólstæðingi á því stigi sem hann er staddur á í stað þess að þröngva eigin markmiðum á íþróttamann sinn. Markmið mitt er ávallt að viðskiptavinurinn nái sínu markmiði á sínum forsendum og það er það besta sem ég veit þegar það gerist.“

Nánari upplýsingar á fitlife.is
 Fylgstu með á Facebook: [FitLife](https://www.facebook.com/fitlife.is)
 Einkaþjálfun – Amanda Marie
 Instagram: [Amanda m agustsdottir](https://www.instagram.com/amanda_m_agustsdottir)



GEISLATÆKNI:

Laserskurður og ryðfrí smíði í hæsta gæðaflokki

Fyrirtækið Geislatækni ehf. var stofnað í ársbyrjun 1998 af feðgunum Grétari Jónssyni og Jóni Leóssyni. Tilgangurinn með stofnun fyrirtækisins var að kaupa og annast rekstur á laserskurðarvél sem hentaði íslenskum markaði.

Fjölbreyttur og öflugur tækjakostur

Fram að stofnun Geislatækni hafði þjónusta á sviði laserskurðar ekki verið fáanleg hérlandis og þurfti að leita út fyrir landsteinana eftir henni. Keypt var vél af gerðinni Trumpf, 2.6 kw frá Bandaríkjunum. Voru starfsmenn Geislatækni fyrsta árið þrjú að meðtöldum Jóni og Grétari.

Undanfarin ár hefur félagið fjárfest umtalsvert í nýjum búnaði hvort heldur varðandi plötuvinnslu eða smíði. Geislatækni tók ákvörðun snemma á ferlinum að halda sig meira og minna við einn framleiðanda af laser- og beygjuvélum frá þýska fyrirtækinu TRUMPF Werkzeugmaschinen

GmbH sem er einn af leiðandi framleiðendum á þessu sviði málmíðnaðar. Geislatækni býr í dag yfir fjölbreyttum og öflugum tækjakosti sem hefur stóreflt gæði og þjónustu til viðskiptavina. Í dag eru á þriðja tug starfsmanna hjá Geislatækni í þremur deildum, framkvæmdarstjóri fyrirtækisins er Grétar Jónsson.

Heildarlausnir á sviði laserskurðar og annarrar plötuvinnslu

Geislatækni er með heildarlausnir í allri plötuvinnslu ásamt sérsmíði og sérhæfðum lausnum sniðnum að þörfum hvers og eins. Við önnumst einnig smíði á mörgum sviðum svo sem á ryðfríum innréttingum (skápar, vaskaborð, borðplötur o.fl.) auglýsingaskiltum, rafmagnsskápum, tönkum og fleiru. Með því að vinna náð með samstarfsaðilum okkar tryggjum við að verkefni séu heildstæð og hámarksárangur náist við útfærslu.

Geislatækni notar nýjustu

aðferðir við að skera og beygja stál þannig að úr verði ihlutur í hæsta gæðaflokki. Þjónustan byggir á laserskurði og beygingu á málmum sem opnar áður óþekktu möguleika í plötuvinnslu sem nýtist á breiðu sviði iðnaðar og framleiðslu. Við aðstoðum viðskiptavinum frá byrjun til enda og tökum þátt í hönnun og útfærslu eftir þörfum. Með heildarþjónustu tryggjum við gæði verksins og ánægju viðskiptavinarins. Við tökum við hugmyndum á hvaða stigi sem er og útfærum með verkkaupum og smíðum.

Geislatækni framleiðir ihluti fyrir hátækniframleiðslulínur fyrir matvælaíðnað og fleira sem krefst hámarks nákvæmni úr ryðfríu stáli. Með laserskurði fá ihlutirnir nákvæma lögun þannig að hver hlutur gegni sínu hlutverki sem best. Eftir að laserskurðarvélin hefur lokið við skurð er lítil eftirvinna, kantar eru jafnir og eingöngu þörf fyrir gráðuhreinsun.

Um er að ræða hreinan skurð þegar lasertækni er beitt, þar sem notað er köfnunarefni (N2) sem skurðar- og hlífðargas, en þegar skorið er á hefðbundinn hátt með plasma- eða logskurði þá hitnar efnið mikið, það getur valdið hitaverpingi og við það missir efnið styrkleika sinn og eiginleika.

Að loknum laserskurði og gráðuhreinsun fer hluti af viðkomandi framleiðslu í beygingu og hefur fyrirtækið fjórar CNC-beygjuvélar frá Trumpf í Þýskalandi með 100–230 tonna pressukrafti.

Geislatækni getur einnig beygt kónískar beygjur (beygjuhlutur sem eru ekki samsíða köntum) með sex ása vél og getum við því gert flóknari ihluti sem sparar oft mikinn tíma í framleiðslu.

Geislatækni býður alla velkomna að hafa samband eða líta við til að kynna sér betur þjónustu okkar. Á heimasíðu félagsins www.laser.is / gt@laser.is – Sími -5878400



FAGUS:

Sérsmíði eftir þínum óskum og þörfum

Fagus er blómlegt trésmíðafyrirtæki í Þorlákshöfn sem sérsmíðar innréttingar fyrir heimili, fyrirtæki og stofnanir. Eldhúsinnréttingar, baðinnréttingar, fataskápar og innihurðir eru helstu verkefni fyrirtækisins en stærsta markaðssvæði þess er höfuðborgarsvæðið. Fagus sendir hins vegar um allt land. Núna eru starfsmenn til dæmis að smíða inn í verkefni fyrir Stykkishólm og fyrir stuttu var lokið við verkefni fyrir aðila á Ísafirði. Persónuleg og sérsniðin þjónusta eru aðalsmerki hjá Fagus en viðskiptavinir geta komið með tilbúna teikningar sem smíðað er eftir eða fengið ráðgjöf hjá Fagus við uppröðun.

Hér hafa verið sömu eigendur frá árinu 1991 þegar fyrirtækið var stofnað. Hér á lóðinni var trésmíðaverkstæði sem brann og keyptu fyrrverandi starfsmenn það upp. Það voru Hannes, Gestur og Óskar – allt smíðir. Það var gamalt plötuhús hér á lóðinni og þeir keyptu rústirnar, grunninn og plötuhús og byrjuðu að smíða innréttingar.

Óhætt er að segja að upp úr rústunum hafi risið blómlegt fyrirtæki, starfsemin hefur síaukist og starfsmenn eru í dag 15 talsins, flestir smíðir og verkamenn. Hægt og bitandi byggðu þeir aftur upp brunna verksmiðjuhúsið. Síðan höfum við verið að flytja inn í það í áföngum og byggja við það. Núna störfum við hér á um 1.250 fermetrum en starfsemin byrjaði á aðeins 180 fermetrum.

Sem fyrr segir er sérsmíði aðalsmerki Fagus. Við sérsmíðum allt og erum ekki með neina tilbúna framleiðslulínu. Við smíðum bara þína innréttingu, fólk leitar gjarnan til arkitekta og kemur þaðan með teikninguna, eða við aðstoðum viðkomandi við að ljúka við



teikninguna.

Auk þess að smíða innréttingar fyrir einstaklinga og heimili vinnur Fagus mikið fyrir skóla, leikskóla, ýmsar stofnanir á borð við elliheimili, og hótél. Varðandi það síðastnefnda hefur fyrirtækið fundið fyrir aukningu vegna vaxandi ferðamannastraums. Við erum líka með sterk tengsl við uppsveitirnar á Suðurlandi og þar er ferðaþjónustan orðin mjög þróuð. Á þessu svæði er fólk mikið að endurbæta og innrétta upp á nýtt.

Starfsemin er heldur að aukast. Það er að visu dálítið erfitt að keppa við innfluttar innréttingar núna út af sterkri krónu en þá förum við meira út í sérsmíði. Hún þykir eftirsóknarverð því það eru margir sem vilja ekki vera með alveg eins innréttingu og einhver annar. Rýmið



er skilgreint og síðan reynum við að finna út hvað passar inn í það.

Meðal nýlegra stórverkefna hjá Fagus eru innréttingar í Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur við

Suðurgötu. Þá má nefna verkefni fyrir Framhaldsskólann í Mosfellsbæ, Dvalarheimilið Lund á Hellu og hótelið Northern Lights Inn við Grindavík.

Ilmkerti og David Hasselhoff

Allt sem þú vissir ekki um keppendur í Söngvakeppninni

Annað undanúrslitakvöld Söngvakeppninnar fer fram laugardagskvöldið 15. febrúar. Fimm flytjendur etja kappi og freista þess að komast í hóp með hljómsveitinni Dimmu og dúett Ísoldar og Helgu, sem komust áfram í úrslitin eftir fyrra undanúrslitakvöldið. Sjálft úrslitakvöldið fer fram 29. febrúar og þá ræðst hver verður fulltrúi Íslands í Eurovision í Rotterdam í maí. DV kynnti sér keppendur betur, en þeir leyndu á sér á ýmsum sviðum.



Daði Freyr Pétursson

Daði er 208 sentímetrar á hæð og byrjaði í körfubolta er hann gekk í Fjölbrautaskóla Suðurlands. Hann ku hafa verið ansi öflugur í boltanum þar til hann tók listina fram yfir driplið.

Fyrsti kossinn

Daði eignaðist nýver-ið sitt fyrsta barn með sinni heittelskuðu, Árnýju Fjólu Ásmundsdóttur. Þau kynntust í Fjölbrautaskóla Suður-

lands en fyrsti kossinn kom á Hróarskelduhátíðinni árið 2010.

Rafheili ársins

Daði var meðlimur í hljómsveitinni ReTroBot sem bar sigur úr bítum í Músíktilraunum árið 2012. Á sömu hátíð var Daði valinn rafheili ársins. Þetta var ekki í fyrsta sinn sem Daði keppti í Músíktilraunum en árið 2008 tók hann þátt með hljómsveitinni Sendibíll.

Íva Marín Adrichem

Íva fæddist blind vegna augngalla. Hún byrjaði í tónlistarnámi tveggja ára, en faðir hennar er hollenskur og móðirin íslensk.

Stórplön

Íva sigraði í alþjóðlegri ritgerðarsamkeppni Lions-hreyfingarinnar fyrir blind og sjónskert

ungmenni árið 2011 og stóð ekki á svörum þegar hún var spurð um sín framtíðarplön. „Ég ætla að verða forsætisráðherra,“ sagði hún þá í viðtali við Morgunblaðið.

Sund og söngur

Auk þess að vera afrekskona á sviði tónlistar æfði Íva lengi vel sund og státar af ýmsum metum í þeirri grein.



Matthías Matthíasson

Matti er bæði lærður kafari og keppti í spjótkesti á yngri árum. Hann reyndar spreytti sig í flestum íþróttum sem barn, svo sem fót-bolta, handbolta og sundi og státar af verðlaunapeningum í ýmsum greinum.

Tilgangslaus hæfileiki

Matti kann að tala og syngja afturábak, algjör-

lega áreynslulaust. Þennan hæfileika hafa Íslendingar oft fengið að hlýða á og sjá.

Spólandi góður

Hann byrjaði að vinna í fiski tíu ára gamall og keypti sér hjól fyrir launin. Hann hjólaði mikið sem barn og var þekktur fyrir að geta farið langar vegalengdir á afturhjólinu einu saman.

Nína Dagbjört Helgadóttir

Nína er vel merkt föðurnafninu en fyrsta húðflúrið sem hún fékk sér var Helgadóttir, en blekið hefur verið á söngkonunni síðan sumarið 2017.

Jólastjarna

Nína hefur lengi reynt að skapa sér nafn í tónlistinni og tók meðal annars þátt í Jólastjörnunni árið 2015 þar sem hún freistaði þess að fá að syngja með sjálf-

um Bó Halldórs á jólatónleikum. Nína stóð sig með þryði en hreppti ekki hnossið.

Ilmur af velgengni

Það leynist líka frumkvöðull í Nínu en hún stofnaði fyrirtæki ásamt samnemendum í frumkvöðlafræði í Fjölbrautaskóla Garðarbæjar í fyrra. Fyrirtækið sérhæfði sig í framleiðslu á ilmkerfum sem róa hugann og Nína gegndi starfi fjármálastjóra í sprotafyrirtækinu.



HILDUR VALA

Hildur Vala Einarsdóttir

Hildur sigraði í Söngvakeppni félagsmiðstöðvanna árið 1997 ásamt vinkonu sinni, Ingunni Önnu Ragnarsdóttur, með útgáfu af laginu Sound of Silence. Þær unnu hópakeppnina en í einstaklingskeppni var það Guðrún Árný sem fór með sigur af hólmi.

Spékoppurinn frægi

Einkennismerki söngkonunnar er lítill spékoppur á vinstri vanga sem hún fékk eftir hjólreiðaslys þegar hún var tíu ára. Hildur fór niður brekku

á bremsulausu hjóli, datt af hjólinu og lenti harkalega með kinnina á steini. Sauma þurfti nokkur spor í kinnina og þannig fæddist spékoppurinn.

Hasselhoff í uppáhaldi

Hildur var dugleg að láta að sér kveða í Barna-DV og Æskunni á árum áður, skrifaði sögur og auglýsti eftir pennavinum. Þá safnaði hún öllu með Strandvarðagoðinu David Hasselhoff og bauð ýmislegt í skiptum fyrir góss með því tengt, til að mynda veggmyndir með Plá-hnetunni, Kiss og Todmobile.

SÓLARFILMUR!

Lausnir fyrir heimili og fyrirtæki

Sundaborg 1
104 Reykjavík
777 2700
xprent@xprent.is

SAKAMÁL



GLÆPASAGA FRÁ

■ William Harrison hvarf sporlaust ■ Móðir og tveir synir hennar voru grunuð

Frásögn þessi hefst í ágúst, árið 1660, í bænum Chipping Campden í Gloucester-skíri á Englandi. Þá bjó þar karl einn, William Harrison, sjötugur að aldri. Hann ákvað, þann 16. þess mánaðar, að rölta til Charingworth, þorps sem lá í um þriggja kílómetra fjarlægð frá Chipping Campden, átti þar meðal annars eitthvert erindi við leiguliða í Ebrington.

Nú, Harrison gamli skilaði sér ekki heim á ætluðum tíma og eiginkonu hans leist ekki á blikuna og brá á það ráð að senda einkaþjón hans, John Perry, til að grennslast fyrir um hann.

Árangurslaus leit

Leið nú dagurinn og næsta nótt og þegar djarfaði fyrir dögun varð spúsu Harrison ljóst að hvorki hann né John Perry höfðu skilað sér. Sendi hún þá son þeirra hjóna, Edward, til leitar að tvímenningunum. Á leið hans til Charingworth mætti hann John Perry, sem sagði leit sína að húsbóndanum engum árangri hafa skilað.

Edward og John urðu samferða til Ebrington og náðu tali af áður nefndum leiguliða. Sá sagði að vissulega hefði Harrison litið við kvöldið áður, en hann gæti engu bætt við þær upplýsingar.

Lá þá leið Edwards og Johns til Paxford en leit þeirra þar bar ekki árangur.

Blóðugur fatnaður finnst

Þeir sáu sitt óvænna og lögðu af stað heim til Chipping Campden. Á leið sinni þangað barst þeim til eyrna orðrómur þess efnis að einhverjar eigur Harrison gamla hefðu fundist á aðalvegnum á milli Chipping Campden og Ebrington. Þar á meðal voru hattur, skyrta og hálstau.

Virtist sem hatturinn hefði verið skorinn með beittu áhaldi og skyrtan og hálstauði voru ötuð blóði. William Harrison var þó hvergi að sjá, hvorki lífs né liðinn. Af verksummerkjum mátti þó ætla að eitthvað miður huggulegt hefði átt sér stað, þótt engar grjótharðar vísbendingar lægju fyrir.

John opnar sig

Lögreglan gat ekki gengið út frá nokkru vísu og því fát annað í stöðunni en að þjarna að John Perry. Við yfirheyrslu sagðist John vita að Harrison hefði verið myrtur, en fullyrti að hann sjálfur væri saklaus.

Við frekari yfirheyrslur sagði John að Richard, bróðir hans, og Joan, móðir hans, hefðu banað Harrison vegna peninga. Þau hefðu síðan falið líkið.

Richard og Joan virtust koma af fjöllum og vísuðu til föðurhúsanna fullyrðingum um að þau hefðu myrt Harrison eða væru yfirhöfuð viðriðin hvarf hans.

John aftur á móti stóð fastur á sinni frásögn; þau myrtu Harrison og fleygðu líki hans í myllutjörn. Tjörnin var slædd en ekkert lík fannst.



„Sennilega væri Joan Perry norn í ofanálag og því var hún hengd fyrst

Sannfærandi vitnisburður

Í fyrstu fyrirtöku beindust sjónir að ákæru sem sneri að ráni, enda engu líki til að dreifa. Mæðginin Richard og Joan ítrekuðu að þau væru saklaus, en vitnisburður

Johns sannfærði kviðdóm um sekt þeirra.

Það var kannski engin furða því John sjálfur virtist ekki hafa nokkra ástæðu til að ljúga til um málið. Hann sagði reyndar að hugmyndin um að ræna Harrison

hefði verið hans. Enn fremur sagði John að Richard og Joan hefðu áður seilst í pyngju Harrison; árið áður hefðu þau stolið frá honum 140 pundum, sem var dágóð summa í þá daga.

John sagðist einnig hafa undirbúið jarðveginn fyrir ránið með því að ljúga að hann sjálfur hefði lent í klóm ræningja nokkrum vikum áður en William Harrison hvarf.

Breytt staða mæðginanna

Þegar þarna var komið sögu voru móðirin og synir hennar tveir aðeins ákærð fyrir rán því dómarrinn sá ekkert vit í morðákæru í ljósi þess að ekkert lík var til staðar.

Verjandi þeirra ráðlagði þeim að játa sig sek um rán, um yrði að ræða fyrsta af-



GLOUCESTER-SKÍRI

um græsku ■ Mótbárur mæðginanna hrukku skammt ■ Gálginn beið þeirra



Enskur dómsalur Perry-mæðginin kynntust ensku réttaritari af eigin raun



Þrælahald í Tyrkjaveldi Kemur við sögu í hvarfi Williams Harrison.

Norn í þokkabót

Perry-mæðginin mættu örlögum sínum saman á Broadway-hæð í Gloucester-skíri. Á gálganum ítrekuðu þræðurnir sakleysi sitt, en það var frekar seint um rassinn grip-ið.

Meðan á málaferlunum stóð höfðu einhverjir sem að þeim stóðu, komist að því að sennilega væri Joan Perry norn í ofanálag og því var hún hengd fyrst, því mögulega hefði hún hneppt syni sína í álög sem gerði þeim ókleift að játa sig seka, segir sagan.

Þarna lauk sem sagt þætti Perry-mæðginanna í þessari frásögn, sem þó er engan veginn lokið.

Laumufarþegi frá Tyrklandi

Árið 1662 kom til hafnar í Dover á Englandi skip frá Lissabon. Frá borði gekk William Harrison og var ekki laust við að heimkoma hans veki margar spurningar.

Harrison sagði að honum hefði verið rænt og ræningjar hans sært hann með sverði á mjöðm og síðu, vasar hans hefðu verið fylltir af peningum og hann síðan fluttur á hestum til Deal-hafnar í Kent og þaðan af landi brott.

Hann hefði síðan verið færður yfir á tyrkneskt skip og að lokum seldur í þrældóm í Tyrkjaveldi.

Eftir eitt ár og níu mánuðum betur hafði

Virtist sem hatturinn hefði verið skorinn með beittu áhaldi og skyrtnan og hálstavið voru ötuð blóði

húsbóndi hans dáði og Harrison þá farið niður að höfn, laumast um borð í portúgalskt skip og að lokum komist til Dover, með viðkomu í Lissabon.

Fjöldi spurninga, fátt um svör

Frásögn Harrison svaraði færri spurningum en hún vakti. Hví ætti nokkur að ræna sjötugum karli, fylla vasa hans af peningum og selja hann síðan í þrældóm fyrir smáaura?

Hvernig gat reiðtúr Harrison og ræningja hans, frá Chipping Campden, farið fram hjá öllum?

Af hverju hefðu þeir sem rændu Harrison og særðu átt að koma honum til heilsu aftur, sjötugum manningum?

Það er margt í mörgu og það eina sem virtist ljóst þegar upp var staðið, var að Perry-mæðginin voru saklaus hengd. Að sögn hafa þau ekki enn fengið uppreist æru. ■

brot þeirra og því yrði þeim veitt frelsi samkvæmt lagaákvæði þar að lútandi. Og það gerðu þau.

Það átti eftir að koma í ljós að það var mjög misráðið því vorið 1661 kom rétturinn saman á ný og þá vegna morðákæru á hendur mæðgininum.

Þar sem þau höfðu lýst sig sek um rán fyrrum voru þau glæpamenn í augum réttarins og þar af leiðandi engar miskunnar að vænta úr þeirri átt.

Í þetta skipti snerist John á sveif með bróður sínum og móður og öll sögdust þau saklaus af morði. John sagðist ekki hafa verið heill á geði þegar hann hélt hinu andstæða fram. Þau töluðu fyrir daufum eyrum, voru sakfelld og dæmd til dauða.

Dregur dilk á eftir sér Áhrifa Brexit gætir víða.



Bresk löggæsla á tímamótum við Brexit

■ Missir aðgang að sameiginlegum gagnaböndum og upplýsingakerfum ■ Mikil lagaleg óvissa ríkir

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Við útgöngu Breta úr Evrópusambandinu (ESB) segja þeir um leið skilið við fjölda samninga um samvinnu á sviði löggæslu og

dómskerfis. Allir eru fullir vilja til að ná nýjum samningum en það er hægara sagt en gert því flókin lagaleg úrlausnarefni er við að etja. Svörtustu spár segja að ef um harða lendingu Brexit verður að ræða um næstu áramót, það er ef samningar hafa ekki náðst á milli

Breta og ESB um framtíðarskipan mála, muni það kosta mannlíf vegna skorts Breta á aðgangi að hinum ýmsu gagnaböndum og upplýsingakerfum sem ESB rekur.

Bretar nota þessi kerfi mikið og má þar nefna að 600 sinnum

á dag, hvern dag, allt árið um kring, biðja bresk yfirvöld um upplýsingar um fólk í Ecris-kerfinu en það er kerfi ESB þar sem aðildarríkin skiptast á upplýsingum úr sakaskrá. Beiðnirnar geta verið af margvíslegum toga, lögreglan getur þurft á upplýsingum að halda en einnig getur dómari þurft á upplýsingum að halda vegna dómsmáls. Þá geta atvinnurekendur einnig beðið um upplýsingar úr kerfinu ef þeir hyggjast ráða fólk til starfa með börnum. Þá er mikilvægt að vita hvort viðkomandi hafi gerst brotlegur.

Schengen Information System II nota Bretar enn meira. Þeir eru ekki aðilar að Schengen-samningnum en geta eins og önnur aðildarríki ESB notað þetta upplýsingakerfi. Það er aðallega notað í tengslum við ferðir fólks yfir landamæri. Árið 2017 notuðu bresk yfirvöld kerfið rúmlega 500 milljón sinnum. Það sama ár fengu bresk yfirvöld rúmlega 16.000 skýrslur um einstaklinga, sem þau höfðu sjálf skráð í kerfinu vegna gruns um að viðkomandi væri viðriðinn eitthvað vafasamt, frá öðrum ríkjum. Rúmlega 12.000 af þessum skýrslum snerust um alvarlega skipulagða glæpastarfsemi og hryðjuverk. Þetta kemur fram í svari frá bresku ríkisstjórninni til þingsins. Svarið veitir góða innsýn í hvernig baráttan gegn ofbeldismönnum, kynferðisbrotamönnum, bílaþjófum, glæpagengum og hryðjuverkamönnum teygir sig yfir landamæri.

Ný og alvarleg staða

Með Brexit standa bresk yfirvöld frammi fyrir nýrri og alvarlegri

stöðu. Um leið og ESB er kvatt segja Bretar skilið við aðgang að 36 kerfum, reglugerðum og samningum tengdum samvinnu löggæslustofnana og dómstóla þvert á landamæri innan ESB. Um næstu áramót missa Bretar aðgang að öllum þessum kerfum og samningum nema samningar náist þar að lútandi. En það er skammur tími til stefnu og lagalegar hindranir, sem þarf að yfirstíga, eru margar. Það er því ekki víst að pólitískur vilji dugi til að leysa þennan vanda.

Mikilvægi áframhaldandi samstarfs á sviði löggæslu og öryggismála er nefnt sérstaklega í pólitískri yfirlýsingu sem Bretland og ESB náðu sátt um á síðasta ári. Þessi yfirlýsing fylgir útgöngusamningnum. Í henni er lögð áhersla á að báðir aðilar vilji halda sameiginlegri baráttu sinni gegn afbrotum áfram til að vernda almenning beggja vegna Ermar-sunds. Öryggismál eiga að vera miðpunktur „metnaðargjarns, breiðs, víðtæks og sveigjanlegs samstarfs“ segir meðal annars í yfirlýsingu.

ESB hefur viðurkennt að það sé ekki raunhæft að hægt verði að ná samningum við Breta um allt það sem virkar vel í dag. Nauðsynlegt sé að forgangsraða. Þegar Michael Barnier, aðalsamningamaður ESB, var í Stokkhólmi í janúar sagði hann að þau þrjú málefni sem hann telji mikilvægust í samningaviðræðunum séu: samráðsvettvangur fyrir framtíðina, efnahagsleg samvinna og samvinna á sviði öryggismála.

„Að takast á við hryðjuverk, netglæpi, dreifingu falskra upplýsinga og glæpi þvert á landamæri krefst þess að við höldum

STÓRSVEIT
REYKJAVÍKUR
KYNNIR:

MARIA BAPTIST

→ BEINTFRÁ BERLÍN

23. febrúar

Kl. 20.00

Silfurberg

Tókst ætlunarverkið Boris Johnson, forsætisráðherra Bretlands.



Óvissa ríkir Hvernig reidir löggæslu af eftir Brexit?



Michael Barnier Ekki þykir raunhæft að ná viðamiklum samningum við Breta strax.

áfram að samhæfa aðgerðir okkar og náinnar samvinnu á milli Bretlands og ESB. Það sama á við um ógnir sem stöðja að okkur frá ríkjum sem vilja veikja lýðræði okkar. Við verðum að treysta á hvert annað. Líf almennings getur oltíð á því. Við munum vinna að því að skapa samband sem verður eins náð og hægt er," sagði Barnier.

Ein uppfletting eða tugir?

Það eru takmörk fyrir því hversu nána tengingu Bretland getur haft við ESB-kerfin samtímis og landið hyggst nýta sér nýendurheimtan rétt sinn til að stýra eigin málefnum að fullu. Það er mat sérfræðinga Royal United Services Institute, einnar helstu hugveitu Breta á sviði öryggismála, að starf breskra löggæslustofnana verði mun erfiðara og þyngra í vöfum eftir Brexit en áður. Nú dugi ein leit til að fá upplýsingar um hvort einstaklingur sé eftirlýstur í Evrópu, í framtíð-

inni þurfi að senda 27 beiðnir til að fá upplýsingar um þetta sama efni.

Margir þeirra sem studdu Brexit gerðu það vegna þess að þeir vildu ekki lengur heyra undir lög og reglur frá Brussel. En ef Bretar ætla að hafa áframhaldandi aðgang að fyrrgreindum upplýsingakerfum á sviði löggæslumála verða þeir að sætta sig við að reglurnar fyrir þau eru settar og ákveðnar af ESB og að nú hafa Bretar ekkert um þær að segja. Dómstóll ESB mun síðan hafa lögsögu í málum tengdum upplýsingakerfunum.

Sum upplýsingakerfin eru aðgengileg ríkjum sem standa utan ESB. Þar má nefna að Noregur, Sviss og Ísland hafa aðgang að þeim þrátt fyrir að vera ekki aðildarríki ESB en ríkin eru aðilar að Schengen-samkomulaginu ásamt aðildarríkjum ESB. Þá hefur ESB gert samning við Noreg og Ísland um evrópskar handtöku-

skipanir. Sá samningur er þó ekki enn að fullu orðinn virkur þrátt fyrir að 10 ár séu síðan samið var um málið.

Bandaríkin, Kanada og Ástralía senda upplýsingar um flugfarþega í eitt upplýsingakerfa ESB en hafa ekki sama aðgang og ESB-ríkin að kerfinu til að rekja og kortleggja ferðamynstur í rauntíma. Engin ríki, sem hvorki eru aðilar að ESB né Schengen, hafa fengið aðgang að upplýsingakerfum ESB til þessa. Það er því á brattann að sækja hjá Bretlandi sem er einmitt slíkt ríki nú eftir útgönguna úr ESB.

Pólítískt séð er málið ekki flókið því allir vilja halda samstarfi ESB og Bretlands á sviði löggæslu- og öryggismála áfram, en hvað varðar lagalegu hliðina er það flókið. Aðgangur að mörgum upplýsingakerfanna og gögnum er háður lagaákvæðum ESB, til dæmis persónuverndarfyrirskipuninni GDPR. Öll aðildarríki

Við verðum að treysta á hvert annað. Líf almennings getur oltíð á því.

ESB verða að meðhöndla gögn eftir sömu reglum og stöðlum. Af þeim sökum er mjög erfitt fyrir þriðja ríki að fá aðgang að kerfum sambandsins. Það þýðir því að ef Bretar vilja fá aðgang að kerfunum verða þeir að hlíta reglum ESB um persónu- og gagnavernd, einnig þegar reglurnar breytast í framtíðinni.

Þetta gildir einnig um margar aðrar reglur, til dæmis hvað varðar framsal ríkisborgara ESB-ríkja til ríkja utan ESB. Það er yfir-

lýst stefna bresku ríkisstjórnarinnar að losna undan lögsögu dómstóls ESB en hann hefur lokaorðið hvað varðar úrlausn deilumála um hvernig gögn og upplýsingakerfi eru notuð. Samningsstaða Breta er því ekki eins góð og þeir myndu sjálfir kjósa og þrátt fyrir pólitískan vilja beggja vegna samningaborðsins dugir það varla til að landa samningi sem uppfyllir óskir beggja aðila. Til þess er lagalega óvissan of mikil. ■

10 stjörnu börn í sviðsljósinu

Oft er staðreyndin sú að börn frægra verða merkt foreldrum sínum og það sem foreldrarnir standa fyrir. Það getur því verið erfitt fyrir listafólk að taka flugið þegar skuggi foreldranna umlykur allt. Til eru margar og mismunandi sögur um börn frægra einstaklinga sem ná ekki mikilli festu í lífi eða atvinnu sökum þessarar staðreyndar.

Neðangreindur hópur tíu hæfileikra Íslendinga tilheyrir þó ekki þessum flokki og sýnir fram á að hægt er að ryðja eigin braut. Þetta eru börn frægra Íslendinga sem þykja sérstaklega hæfileikarík.

Sonur Stuðmanns og Þjóðleikhússtjóra Ólafur Egill Egilsson hefur marga fjöruna sopið, bæði í leiklistinni og skrifum. Ólafur skrifaði handrit kvikmyndanna Brúðguminn, Brim, Eiðurinn og Kona fer í stríð. Fyrir handritið að Kona fer í stríð unnu Ólafur og meðhöfundur hans og leikstjóri kvikmyndarinnar, Benedik Erlingsson, SACD-verðlaunin á kvikmyndahátíðinni í Cannes, Kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs auk hinna íslensku Edduverðlauna. Ekki þarf að efast um að foreldrar Ólafs, þau Egill Ólafsson tónlistarmaður og Tinna Gunnlaugsdóttir leikkona, séu afar stoltir af sínu afsprengi.



Vargur góður

Baltasar Breki Samper, sonur Baltasars Kormáks, hefur gert það gott í að feta í fótspor föður. Baltasar hefur staðið sig með prýði á leiksviðinu, í sjónvarpi og þótti sérlega góður í glæpamyndinni Vargi. Einnig skaut hann upp kollinum í sjónvarpsþáttunum Chernobyl. Hann er rétt að byrja.




Spuni, tónlist og Heilabrot

Steiney Skúladóttir hefur gert það gott í hljómsveitinni Reykjavíkurdætrum, en hún er dóttir leikkonunnar Halldóru Geirharðsdóttur. Steiney hefur að auki sungið með hljómsveitinni Þrjár basískar, unnið með spunaþópnum Improv Ísland og hún var einn aðstandenda sjónvarpsþáttanna Heilabrot.



Á hraðri uppleið Eygló Hilmarsdóttir, sem útskrifaðist nýverið af leiklistarbraut Listaháskóla Íslands, fetar rækilega í fótspor foreldra sinna en það eru leikararnir Sóley Elíasdóttir og Hilmar Jónsson. Áður en Eygló hóf nám við skólann lék hún í Konubörnum í Gaflaraleikhúsinu og Höllu í kvikmyndinni Gauragangi. Eygló lék jafnframt í sýningum Herranætur í Menntaskólanum í Reykjavík, þar á meðal Títaníu álfadrottningu í Draumi á Jónsmessunótt.



Svöl í sviðsljósinu

Poppstjarnan Svala, dóttir Stóra Bó, gaf út sína fyrstu plötu, The Real Me, árið 2001 og fékk sínar viðtökur. Svala tók þátt í Eurovision-keppninni árið 2017 í Úkraínu þar sem hún flutti lagið Paper. Hún tók sér einnig sviðslistanafnið Kali þegar hún gekk til liðs við hljómsveitina Steed Lord og stofnaði einnig fatalínu undir því nafni. Svala er þekkt fyrir glæsilegan og eftirtektarverðan fatastíl og má því segja að hún komi til dyranna eins og hún er klædd. Svala stendur svo sannarlega undir nafni.



Heimsfræg fyrir þrjúttugt

Leikkonan Hera Hilmarsdóttir hefur verið gífurlega virk í starfi vestanhafs og víðar. Hún er rétt skriðin á fertugsaldurinn og hefur vakið mikla athygli undanfarin misseri fyrir hlutverk sitt í þáttunum See, þar sem hún deilir skjánum með hinum eftirsóttu Jason Momoa, og stórmyndinni Mortal Engines. Hera er dóttir leikkonunnar Þóreyjar Sigþórsdóttur og leikstjórans Hilmars Oddssonar, og barnabarn leikskáldsins Odds Björnssonar og hefur hún staðið sig með ágætum sem stjarna á eigin vegum.



Góð rödd í genunum Frægðarsól tónlistarkonunnar Söllu Sólvar Eyfeld hefur risið hátt á undanföllum árum. Salka var lengi þáttastjórnandi á Rás 2 og stjórnaði meðal annars þættinum Rabbabara til ársins 2018. Salka var einn af fjórum dómurum í The Voice Ísland. Hún hefur einnig tekið þátt í uppsetningu fyrir Þjóðleikhúsið, verið kynnrí í Söngvakeppni sjónvarpsins og vann Íslensku tónlistarverðlaunin 2015 í flokknum Söngkona ársins. Salka er dóttir Hjálmarssonar leikara, sem er - auk margs annars - einn þekktasti talsetningarleikari landsins. Salka hefur því ekki þurft að sækja hæfileikana langt enda hefur hún verið í sambærilegum pakka á síðustu misserum.



Nýútskrifaður og með Netflix-mynd í pípunum

Hlynur Þorsteinsson útskrifaðist sem leikari úr Listaháskóla Íslands árið 2018, en hann er sonur leikarans og uppistandarans Þorsteins Guðmundssonar og Jóhönnu Halldórsdóttur söngkonu. Hlynur fagnaði nýlega eins árs afmæli frumburðar síns og hefur skammarlaust skilgreint sig sem mikla fótþoltabullu. Á næstunni má sjá Hlyni bregða fyrir í Eurovision-kvikmyndinni sem Netflix framleiðir og skartar Will Ferrell í aðalhlutverki.



Afkastamikill grænkeri

Arnmundur Ernst Björnsson hefur verið á gífurlegu flugi undanfarin ár. Það fór lítið fyrir honum við upphaf ferils, þegar hann lék fyrst lykahlutverk í bíómyndinni Strákarnir okkar, en frá og með 2018 hefur honum brugðið fyrir í þáttum á borð við Flateyjargátan, Ófærð og Venjulegt fólk og kvikmyndunum Agnes Joy og Hvítur, hvítur dagur. Arnmundur hefur reglulega tjáð sig um lífsstíl sinn sem grænkeri og ekki síður erfiðleikana sem fylgdu veikindum móður hans, Eddu Heiðrúnar Backman, sem lést í október 2016 úr MND-sjúkdómnum. Faðir Arnmundar er Björn Ingi Hilmarsson leikari. Arnmundur fer einnig, eins og svo margir Íslendingar, með lítið hlutverk í Eurovision-kvikmyndinni sem landsmenn bíða óþreyjufullir eftir.



Sjóaður í söng og á sviði

Haraldur Ari Stefánsson, sonur Stefáns Jónssonar leikara, vakti mikla athygli í Rocky Horror-sýningu Borgarleikhússins fyrir nokkrum árum. Haraldur á þó meira að baki en einungis leiklistina enda söngvari og slagverksleikari hljómsveitarinnar Retro Stefson og hefur verið frá stofnun hennar. Haraldur yfirgaf klakann um nokkurt skeið þegar hann stundaði leiklistarnám í London í Royal Central School of Speech & Drama. Spannandi verður að fylgjast með næstu árum hans.



Fleiri stjörnu börn:

Aðalbjörg Árnadóttir leikkona (dóttir Árna Péturs Guðjónssonar)

Björgvin Franz Gíslason skemmtikraftur (sonur Eddu Björgvinsdóttur og Gísla Rúnars Jónssonar)

Ólöf Jara og Elísabet Skagfjörð leikkona (dætur Valgeirs Skagfjörð og Guðrúnar Gunnarsdóttur)

Orri Hugín Ágústsson leikari (sonur Kolbrúnar Halldórsdóttur, fyrrverandi þingkonu)

Saga Sigurðardóttir dansari (dóttir Ólínu Þorvarðardóttur)

Snæfríður Ingvarsdóttir leikkona (dóttir Ingvars E. Sigurðssonar og Eddu Arnljótsdóttur)

HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu



Leiðin að hjartanu

Valentínusardagurinn hefur fest sig í sessi á Íslandi ■ Hér eru uppskriftir að skotheldum réttum sem tryggja greiða leið að rómantik

Styttri leið Þeir sem vilja stytta sér leið geta keypt tilbúið pestó. Mynd: Ambitious Kitchen



Pasta með pestó og pistasíuhnetum

Hráefni – Pestó:

- 3/4 bolli ferskt kóríander
- 1/3 bolli pistasíuhnetur
- 1 jalapeno-pípar án fræja
- 2 hvítlauksgeirar
- Safi úr 1/2 lime
- 3 msk. ólífuolía
- 2–3 msk. vatn
- 1/2 tsk. salt
- pípar

Hráefni – Rækjur:

- 1/2 msk. ólífuolía
- 450 g risarækjur, hreinsaðar
- 1/2 tsk. hvítlaukskrydd
- salt og pípar

Hráefni – Pasta:

- 280 g spagettí

Til að skreyta:

- geitarostur
- kóríander
- saxaðar pistasíuhnetur

Aðferð:

Byrjum á að búa til pestó. Setjið kóríander, hnetur, jalapeno, hvítlauk, lime-safa, olíu, vatn og salt og pípar í matvinnsluvél og blandið vel saman. Setjið til hliðar. Steikið rækjur í olíu í stórrí pönnu yfir meðalhita. Kryddið með hvítlaukskryddi, salti og pípar og eldið í nokkrar mínútur. Takið af hellu og setjið til hliðar. Eldið pasta samkvæmt leiðbeiningum á pakka. Hellið vatni af pastanu og setjið það aftur í pottinn. Hrærið pestó og rækjum vel saman við. Deilið í skálar og skreytið með geitarosti, kóríander og hnetum.

Framandi Þessi marokkóski réttur er afar einfaldur. Mynd: Good Housekeeping

Marokkóskur kjúklingaréttur



Hráefni:

- 3 msk. ólífuolía
- 450 g kjúklingabringur
- 1/4 tsk. salt
- 1/4 tsk. pípar
- 1/4 bolli hveiti
- 1 lítill rauðlaukur, skorinn í sneiðar
- 2 stórar appelsínur
- 1/2 bolli grænar ólífur, skornar í helminga
- steinselja
- hrisgrjón

Aðferð:

Hitið olíu í pönnu yfir meðalhita. Saltið og píprið kjúkling og bekið hann með hveiti. Steikið í 3 til 4 mínútur eða þar til hann hefur brúnast. Setjið á disk. Lækið hitann og eldið rauðlaukinn í um 3 mínútur. Setjið safa úr 1 1/2 appelsínu saman við og skerið restina af appelsínunni í þunnar sneiðar. Setjið sneiðarnar saman við laukinn sem og ólífur og 1/4 bolla af vatni. Setjið kjúkling aftur í pönnu og eldið þar til hann er eldður í gegn. Skreytið með steinselju og berið fram með hrisgrjónum.



Möndlulax

Hráefni:

- 450 g grænar baunir
- 1 msk. ólífuolía
- 1/4 tsk. salt
- 1/4 tsk. pípar
- 1/3 bolli grísk jógúrt
- 2 tsk. Creole-krydd
- 1 tsk. rifinn sítrónubörkur
- 1/2 bolli möndlur, gróft saxaðar
- 4 laxaflök

Aðferð:

Hitið ofninn í 230°C. Setjið álpappír á stóra ofnskúffu. Blandið baunum, olíu, salti og pípar saman í skál. Raðið á skúffu og bakið í 10 mínútur. Blandið jógúrt, kryddi og sítrónuberki saman í annarri skál. Búið til pláss í miðju skúffunnar og setjið laxaflökin þar. Dreifið úr jógúrtblöndunni ofan á flökin og stráði möndlum yfir. Bakið í 12 mínútur.

Góð blanda

Möndlur og lax klinka ekki. Mynd: Good Housekeeping

Hjartabrauð

Hráefni:

- 8 tsk. mæjónes
- 4 brauðsneiðar
- 2 msk. smjör
- 4 stór egg
- salt og pípar
- ferskar kryddjurtir, saxaðar

Aðferð:

Smyrjið báðar hliðar brauðsneiðanna með mæjónesi. Notið kökumót til að skera út hjarta í miðju hverrar brauðsneiðar.

Bræðið smjórið í pönnu yfir meðalhita. Bætið brauði (og hjartamiðjunni) á pönnunna og steikið í 5 mínútur. Snúið sneiðunum við og brjótið egg í miðjuna. Saltið og píprið. Lækið hitann og eldið í 5 til 7 mínútur til viðbótar. Skreytið með ferskum kryddjurtum og berið fram.



Einfaldleiki Stundum er hann bestur. Mynd: Woman's Day

VILDARKORT



- FÁÐU MEIRA

Allir kaupendur og seljendur hjá Lind fasteignasölu

fá **VILDARKORT LINDAR**

sem veitir **30% AFSLÁTT**

hjá eftirfarandi fyrirtækjum:



DORMA



Fáðu framúrskarandi þjónustu og skráðu eignina þína á **FASTLIND.is**



LIND Fasteignasala
**Uppspretta
ánægjulegra
viðskipta**

Spáð í stjörnunum

Lesið í tarot Viðars


Mikið mæðir á Viðari Þorsteinssyni, framkvæmdastjóra Eflingar, í skugga yfirgripsmikilla verkfallsaðgerða í Reykjavíkurborg. DV ákvað því að leggja tarot fyrir Viðar og sjá hvað framtíðin ber í skauti sér. Lesendur geta síðan dregið sín eigin tarotspil á vef DV.

Leitar ráða

Fyrsta spil sem kemur upp er Æðsti prestur. Viðar er í vanda staddur og veit ekki alveg hvernig hann á að beita sér í þessum aðgerðum. Hann leitar því hjálpar hjá fagmanni. Kennari, lögfræðingur, skyldmenni eða vinur mun leiðbeina honum næstu daga og er honum ráðlagt að taka mark á ráðum viðkomandi. Viðar þarf að hlusta gaumgæfilega á ráðin en einnig huga að sinni eigin framtíð. Hann þarf að koma sér í réttan gir, tileinka sér annað hugarfar og halda áfram veginn. Hvort hann er á réttum stað þarf hann að gera upp við sig, en honum eru allir vegir færir ef hann vill feta nýja slóða.

Stökkbreytingar

Næst er það 8 stafir. Spilið táknar jafnvægi, félagslegt öryggi og veraldleg gæði sem Viðar getur notið. Viðar þarf að treysta á sjálfan sig og ekki gleyma innsæinu, sem segir honum



ad í framtíðinni sé honum ætíð að stærra hlutverk en það sem hann sinnir í dag. Varðandi núverandi verkfallsaðgerðir þá virðist enginn endir í sjónmáli en málið tekur stökkbreytingum á stuttum tíma og allt leysist. Hlutirnir verða eins og Viðar vill hafa þá og allar óskir hans verða uppfylltar.

Góð laun og öryggi

Loks er það 9 mynt. Viðar er þannig manneskja að hann kys að vera einn endrum og eins. Eiga stundir með sjálfum sér. Hann er alls ekki þjakaður af einmanaleika og kann vel að meta gæðastundir með sjálfum sér þegar þessari holskeflu verkfalla er lokið. Hann hefur lagt mikið á sig til að komast á þann stað sem hann er á í dag. Nú þarf hann að njóta og ekki eyða tíma í óþarfa áhyggjur. Hugsanlega breytir hann um starfsvettvang í nánustu framtíð, en það tækifæri felur í sér góð laun og öryggi. ■



Stúlka fædd - Svona eiga foreldrarnir saman

Tónlistarmaðurinn Sverrir Bergmann og lögfræðingurinn Kristín Eva Geirsdóttir eignuðust sitt fyrsta barn saman fyrir stuttu, gullfallega stúlku sem vó tæpar þrettán merkur. DV fannst því kjörið að líta í stjörnumerkin og sjá hvernig nýbakraðir foreldrar eiga saman.

Kristín er vog en Sverrir er sporðreki. Þessi tvö merki mynda nánast samstundis djúp tilfinningatengsl. Sporðrekin getur týnst í eigin tilfinningum en þá er gott að hafa á kantinum vogina, sem þráir fátt meira en samhljóm og jafnvægi.

Vogin og sporðrekin passa vel saman og hafa svipaðar þarfir þegar kemur að ástinni. Vogin er hamingjusöm must þegar hún er í traustu sambandi og sporðrekin þrífst í heilbrigðu sambandi með mikilli nánd.

Þessi tvö geta vel tekist á við verkefni saman og hentar það þeim mjög vel að vinna saman. Þegar þau sameina krafta sína, gáfur og sköpunarhæfileika þá myndast hér ofurpar sem nánast ómögulegt er að sundra. Þau elska bæði að taka áhættu og þetta samband verður aldrei leiðinlegt eða hversdagslegt. ■

Sverrir
Fæddur:
13. nóvember 1980
Sporðreki
■ úrræðagóður
■ hugrakur
■ ástríðufullur
■ þrjóskur
■ afbrýðisamur
■ dulur

Kristín
Fædd:
17. október 1988
Vog
■ málamiðlari
■ samstarfsfús
■ örlát
■ félagsvera
■ óákveðin
■ forðast deilur



Afmælisbörn vikunnar

- **16. febrúar** Vala Flosadóttir stangarstökkvari, 42 ára
- **17. febrúar** Magnús Ólafsson leikari, 74 ára
- **18. febrúar** Þóra Arnórsdóttir fjölmiðlakona, 45 ára
- **19. febrúar** Hannes Hólmsteinn Gissurarson prófessor, 67 ára
- **20. febrúar** Páll Hreinsson hæstaréttardómari, 57 ára
- **21. febrúar** Heiða Björg Hilmisdóttir stjörnmálakona, 49 ára
- **22. febrúar** Ragna Ingólfssdóttir badmintonstjarna, 37 ára

Stjörnuspá vikunnar

Gildir 16.–22. febrúar



Hrútur - 21. mars–19. apríl

Það styttest í vorið og það gleður, því að þú þolir ekki dimmuna og kuldann. Þú færð óvænt símtal frá gömlum félaga sem segir þér aðeins meira en þú vildir vita. Þessar upplýsingar koma veröld þinni í uppnám.



Vog - 23. sept.–22. október

Þú hefur verið að leita að neistanum svo lengi þegar kemur að vinnunni og nú loksins er hann í sjónmáli. Þú ert komin/n í gott umhverfi með skapandi fólki og það er hlustað á þig og þínar skoðanir. Þú ert á grænni grein.



Naut - 20. apríl–20. maí

Það er fjölskyldumeðlimur í vanda og þig langar að hjálpa. Þú veist bara ekki nákvæmlega hvernig þú ferð að því. Stundum er bara best að vera til staðar og hlusta. Of mikil afskiptasemi getur komið í kollinn á þér.



Sporðreki -

23. október–21. nóvember

Þú æðir áfram þessa dagana og nærð ekki að gera neitt vel. Þú ert frekar týnd/ur og gerir fátt annað en að kvarta yfir örlögum þínum. Bráðum hættir fólk að nenna að hlusta á þig. Finndu innri ró og hafðu smá gaman af lífinu.



Tvíburi - 21. maí–21. júní

Það hefur verið einhver ládeyða í lífi þínu. Þú hefur ekki viljað fara mikið út á meðal fólks og finnst best að vera ein/n. Þú finnur ekki fyrir einmanaleika, en í þessari viku finnur þú fyrir þörf til að láta ljós þitt skína.



Bogmaður -

22. nóvember–21. desember

Það styttest í mikil tímamót í þínu lífi, tímamót sem þú veist ekki enn að eru að fara að eiga sér stað. Þessi tímamót neyða þig til að hugsa þinn gang og kanna hvað það er í fari þínu sem virkar stuðandi.



Krabbi - 22. júní–22. júlí

Mikil breyta hefur þjakað þig undanfarið, sem er afar ólíkt þér. Þú þarft að rífa þig upp á afturfótunum og jafnvel breyta einhverju í mataræðinu til að koma þér aftur á gott ról. Þetta er bara leiðinda-tímabil en það líður hjá.



Steingeit -

22. desember–19. janúar

Þú kemst að leyndarmáli og eins og sannri steingeit sæmir segir þú engum frá. Þessi trúnaður og traust sem þú heldur svo fast í á eftir að koma sér vel í aðstæðum sem eru svo klinkaðar að þú trúir þeim varla.



Ljón - 23. júlí–22. ágúst

Þú hefur tekið mikið af stórum ákvörðunum hratt undanfarið og það gerir þig stressaða/n. Þú hefur áhyggjur af fjárhagnum og finnst líkt og maki þinn sé ekki að segja alla söguna. Vertu á varðbergi.



Vatnsberi -

20. janúar–18. febrúar

Þessi mánuður hefur verið óvenjugóður og seinni hlutinn af honum verður enn betri. Þú ert æðrulaus sem aldrei fyrr og opin/n fyrir framtíðinni, sem geymir aðeins birtu og hlýju. Ástin lætur á sér kræla áður en þú veist.



Meyja - 23. ágúst–22. sept.

Þú losar þig við eitthvert verkefni eða þú um líkt, sem er því líkur léttir. Þér finnst líkt og heimsins byrðar séu horfnar af herðum þínum og þér líður sem þú sért frjáls. Njóttu þess og settu sjálfa/n þig í fyrsta sæti.



Fiskur - 19. febrúar–20. mars

Óvæntur tölvupóstur kemur öllu í uppnám á vinnustaðnum eða í skólanum og það fellur í þinn hlut að reyna að miðla málum. Það gengur verr en við var búist og þú þarft að horfast í augu við að það er ekki hægt að gera öllum til geðs.



Öll þrif fyrir fyrirtæki, stofnanir og heimili

Gerum föst verðtilboð í öll verk, stór eða smá, þér að kostnaðarlausu.

Markmið okkar er að veita viðskiptavinum okkar ávallt:
Hámarksgæði og árangur, persónulega og góða þjónustu.

Daglegar eða reglulegar ræstingar.

Sérverkefni:

- Aðalhreingerningar
- Gluggaþvottur
- Viðhald gólfefna
- Bónleysing og bónun gólfefna
- Salernis- og kísilhreinsun
- Steinteppa-, teppa- og flísahreinsun
- Þrif eftir iðnaðarmenn
- Bruna- og vatnstjónaþrif
- Veggja-, lofta-, ljósa og gluggaþrif
- Flutningaþrif


Hjá Þrif- og ræstivörum starfa nú um 100 manns við ræstingar og hreingerningar af öllum stærðum og gerðum. Í dag þjónustum við um 100 fyrirtæki og stofnanir í daglegri ræstingu. Auk þess rekum við öfluga hreingerninga- og sérverkefnadeild.



 **Vaktsími
allansólarhringinn**

Það er alltaf hægt að hafa samband við okkur ef óvænt verkefni koma upp.

Vaktsíminn er 8652425


 **Hafðu samband
og fáðu tilboð í verkið**



Frostagötu 4c 603 Akureyri
Símar: 4615232 / 8925232

Netfang: thrif@thrif.is
Veffang: www.thrif.is

Helgarkrossgátan



	→	fremur	muldrar	andvari		gunga
fugl					3	
áköfu						padda
6 eins						
		næring		sögu- persóna planta		11
maður						stíllinn
brall í bauk			vitrun	2	tæmdar	1
siglutré			6			
aflagar		mánuður		sólguð		

Teikning: Halldór Andri eftirprentun bonnuð	↓	gráðug	krossgátugerð: Bjarni Sími: 8452510	úrcoma planta			
vömb				ofkæling	sansa	tvíhljóði	
	↓		árnar beitunni			2 eins grunar	
ílát					2 eins kostur	ávöxtur	
urpt			veruleikinn				
meyr				svarfi	5	elska hratt	
eiri			kappnæga	drolla		8	dreng- skapinn
		krækja lunknar			til	fanga góð	
mjakar				peyjar klukkan			
líkamshluti			nudduð mjöl		fisk súld		
skútar				beisk		mylur	9
	kvendýr lækur		líkamshluti skvetta	sperra		skóli flutt	
bætt		10		glufa sjór			smyrja
kvendýr			drykkur	hamla		spúa hvað?	
	4	vaða			úrgangur		
feng				smjæðra	7		

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11
---	---	---	---	---	---	---	---	---	----	----

Sudoku

Auðveld

					3		2	7
	1			5	7			9
6							3	
4	5			7				2
			4		9			5
9		2			1	3	7	4
1		5	8		2	4	9	6
	6			4			1	8
	4		1		6		5	3

Erfið

				2		7	8	1
		7		1	3			
	9				2		5	7
			7	4				6
	5		1			2		
								5
1	8		4	2			6	
				6		9		

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.
Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið krossgata@dv.is



FORLAGIÐ

Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...
Íris Lár Ólafsdóttir
Lausnarorð **BRÁK OG BRESTIR**
**Íris Lár hlýtur að launum bóka-
ina Hvað er í matinn?**



Vinningsbók er hægt að nálgast á
skrifstofu DV að Suðurlandsbraut 14,
108 Reykjavík

Viltu rækta þínar eigin matjurtir og jafnframt leggja þitt af mörkum til umhverfisverndar? Það þarf ekki heila landareign til að rækta, lítil garður getur líka gefið mikið af sér. Aukin umræða um sjálfbærni og uppruna matvæla hefur orðið ýmsum hvatning til að spreyta sig á matjurtarækt. Garðyrkja verður auðveldlega að skemmtilegu áhugamáli og lífsstíl: Það er spennandi að fylgjast með jurtunum gægjast upp úr moldinni og fátt jafnast á við matjurtir úr eigin ræktun. Garðrækt – í sátt við umhverfið er fróðleiksnáma um hefðbundna og lífræna ræktun, hvað unnt er að rækta, hvar, hvenær og hvernig. Fjallað er um jarðveg og hvernig má næra hann og bæta, og undirstöðuatriði moltugerðar eru kennd. Sagt er frá ræktun á

**Í verðlaun fyrir gátu helgar-
blaðsins er bókin Garðrækt í sátt
við umhverfið**

svölum, í matjurtabeðum og gróðurhúsum, og leiðbeint um alla skipulagningu ræktunar, sáningu, vökvun, umhirðu og uppskeru. Þá eru gefin góð ráð um geymslu matvæla úr garðinum, birtar uppskriftir og margt fleira áhugavert. Halla Kjartansdóttir þýddi bókina og fjöldi sérfræðinga hefur lagad efni hennar að íslenskum aðstæðum.

HAGBLIKK

Álpakrennur og niðurföll

Brotna ekki

Ryðga ekki

Litir á lager:
Svart, hvítt, ólitað, rautt,
silvurgrátt og dökkrautt



Pakrennurnar eru frá GRÖNVIK VERK í Noregi
Þær eru einfaldar í uppsetningu

HAGBLIKK

Smiðjuvegur 4C • 202 Kópavogur • Sími 587 2202 • hagblikk@hagblikk.is • hagblikk.is

GÓÐ ÞJÓNU



ER RAFGEYMIRINN DAUÐUR?

NOCO
GENIUS BOOST+
GB40 STARTTÆKI



INTERFLON

ÚRVAL AF EFNAVÖRUM,
NÝJAR UMBÚÐIR SÖMU GÆÐA EFNIN

**KÍKTU Á KEMI.IS OG
SKOÐAÐU ÚRVALIÐ**

STA Í 25 ÁR



ÖRYGGISVÖRUR

Heyrnahlífar, öryggisgleraugu, rykgrímur og andlitshlífar



OLÍUVÖRUR

Smurolía, glussi, koparfeiti, gírolía og sjálfskiptivökvi

SVO
ALLT
GANGI
SMURT



 **kemi**

Tunguhálsi 10 • www.kemi.is

SOGTÆKI, TITRINGUR OG RASSALEIKIR

■ Vinsælustu kynlífstæki á Íslandi ■ Sogtæki toppa listann en tæki til að leika við endaparminn koma sterk inn

Mikið úrval er af verslunum á Íslandi sem sérhæfa sig í hjálpartækjum ástarlífsins. DV kannaði markaðinn og athugaði hvaða vörur væru vinsælastar hjá þeim sem vilja smá (eða dúndurmikið) krydd í kynlífið.

Það má með sanni segja að sogtæki af ýmsu tagi toppi listann, en um er að ræða tæki með ýmsum sogstillingum sem ku veita mikinn unað, hvort sem þau eru notuð á sníp og barma eða endaparm. Meðal þeirra vinsælustu eru tæki sem bæði sjúga og titra – tvöföld gleði!

Einnig eru „strap-onar“, beisli með gervilim sem konur geta smellt á sig, afar vinsælirogeinnigsvokallað „anal plug“ sem veitir, eins og nafnið gefur til kynna, unað í endaparm. Því virðist sem Íslendingar séu farnir að kanna endaparminn sífellt meira í kynlífi, sem sést best á því að mest selda vara kynlífstækjaverslunarinnar blush.is árið 2019 var einfaldlega sleipiefni, sem er þarfapungur ef gleðja á afturendann.

Kraftur fyrir lengra komna

Meðal þess vinsælasta hjá blush.is er Womanizer Premium, tæki sem örvar snípinn með sogtækninni. Tólf mismunandi stillingar, allt frá léttari snertingu yfir í kraftmikið sog fyrir lengra komna. Ekki skemmir fyrir að tækið er afar hljóðlát og því engin hætta á að mótörhljóðin vekji heimilisfólkið.

Ódýrari týpan

Þeir sem hafa minna á milli handanna og geta ekki splæst í Womanizer-vörurnar geta kíkt á tantra.is á Satisfyer Pro 2 Next Generation. Sú vara er svipuð Womanizer, nema mun ódýrari, og sagan segir að sögið úr þessu tryllitæki færi konum alsælu, hvar og hvenær sem er, þó ekki eins hljóðlátlega og Womanizer.

Heit múffa

Satisfyer Men Masturbator Heat Vibration er tækið með langa nafnið og mikla unaðinn. Það fæst hjá hermosa.is og kallast á íslensku einfaldlega múffa. Múffa þessi er með þrjár hitastillingar og sjötíu titringsstillingum svo allir karlmenn ættu að finna stillingu við hæfi. Upplifun fyrir karla ku vera lík því að stunda kynlíf með manneskju.



Litla leyndarmálið

Vinsæl vara hjá bæði hermosa.is og tantra.is er Partner Plus og smellpassar hún í paraleikinn. Tækið er vatnshelt og því hægt að taka það með í bústaðinn, en því fylgir einnig fjarstýring sem þýðir að hægt er að leika sér með litla leyndarmálið í mannfagnaði án þess að nokkur þurfi að vita. Tækið örvar G-blettinn og snípinn og virkar í flestum stellingum. Nú er bara að nota ímyndunaraflið!



Einnota unaður

Hedy Svakom er vinsæl, einnota runkmúffa hjá blush.is. Það þarf líklegast ekki að fjölyrða um kosti hennar.



Stærðin skiptir ekki máli

Erótíska nuddtækið Nalone Roma fæst hjá amor.is. Sex titringsstillingar og beygjanlegur silíkonhaus vinna ótullega að því að bæta, hressa og kæta. Ekki láta stærðina blekkja því krafturinn er kynngimagnaður.



Sogdrottning

Drottning sogtækjanna er Queen Pulse Wave-settið frá Zalo sem fæst hjá hermosa.is. Um er að ræða titrara sem hægt er að breyta í sogtæki – það besta úr báðum heimum. Hægt er að tengja tækið við síma og láta það titra eftir tónlist eða láta makann hafa völdin.

Typpahringur með titringi

Hjá bæði blush.is og tantra.is er endurhlaðanlegi typpahringurinn frá Winni Svakom gríðarvinsæll en hann er kraftmikill, með titringi og sérstaklega hannaður fyrir pör. Typpahringurinn auðveldar karlmönnum að halda stinngu en getur einnig hentað sem egg. Þessi kemur með fjarstýringu – en ekki hvað?



Þrenutilboð

Hið byltingarkennda Zalo Hero-tæki hjá hermosa.is er búið þeim eiginleika að „tungan“ á tækinu getur hreyft sig fram og til baka allt að 75 sinnum á sekúndu og líkir því eftir munnmökum. En bíðið, það er meira! Tækið er líka hægt að nota sem titrara eða egg.

Fyrir byrjendur

Eins og áður segir eru gervilimur sem kona festir á sig að slá í gegn hjá landanum. Þeir sem eru að stíga sín fyrstu skref í þeim efnum geta keypt byrjendasett hjá hermosa.is og unnið sig upp í keppnistýpur. ■



REYKJAVIK
RAINCOATS

ÚTSALA
ÚTSALA
ÚTSALA

20-50%

AFSLÁTTUR

Í VERSLUN OKKAR

LAUGAVEGI

62

EKKI MISSA AF
FRÁBÆRUM TILBOÐUM

AÐEINS Í VERSLUN
LAUGAVEGI 62

REYKJAVIK RAINCOATS

LAUGAVEGUR 62, 101 RVK

WWW.REYKJAVIKRAINCOATS.COM

INFO@REYKJAVIKRAINCOATS.COM

SÍMI: 5711177

YFIRHEYRSLAN

Alltaf að hlusta á mömmusín

Davíð Þór Katrínarson, leikari og Vesturbæingur, segist óttast það mest að missa af lífinu. Hans furðulegasta atvinna var að vera vegvísir hjá Reykjavíkurborg en besta ráðið sem hann hefur fengið er að hlusta alltaf á mömmu sína. Davíð Þór er í yfirheyrslu helgarinnar.

Hvar líður þér best?

Þegar veðrið er eins og það er þessa dagana, þá reikar hugurinn til síðasta sumars. Á góðviðrisdegi á bekkjunum við Tjörnina líður mér best. Ef tímaflakk er ekki í boði þá líður mér best í hægindastól með bók.

Hvað óttastu mest?

Að missa af lífinu.

Hvert er þitt mesta afrek?

Ætli það sé ekki að klára Stellu Adler Academy, tuttugu og tveggja og vitlaus.

Furðulegasta starf sem þú hefur tekið að þér?

Lifandi vegvísir hjá Reykjavíkurborg. Við áttum að ganga um bæinn og aðstoða ferðamenn við ýmsa hluti. Við vorum nokkur sem eyddum dögnum frekar að sleikja sólina eða hanga á bókasafninu. Það komst upp að einhverju leyti.

Hver væri titillinn á ævisögu þinni?

Dramatískar ræður og ósamstæðir sokkar.

Hvernig væri bjórinn Davíð Þór?

Hrikalega góður, millidökkur bjór sem fólk getur drukkið endalaust án þess að verða þunnt daginn eftir.

Besta ráð sem þú hefur fengið?

Alltaf að hlusta á mömmusín – ráðið er komið frá mömmu.

Hvert er leiðinlegasta húsverkið?

Húsverkin eru mér ákveðin hugleiðsla og mér þykir þau almennt ekkert allt of leiðinleg.

Besta bíómynd allra tíma?

One Flew Over the Cuckoo's Nest er ofarlega hjá mér. Lord of the Rings-þríleikurinn á líka stóra stað í kvikmyndahjartanu mínu. Ég elska fantasíumyndir með sverðum og galdrakörlum.

Hvaða hæfileika myndir þú vilja búa yfir?

Ég væri til í að geta spilað á öll hljóðfæri í heiminum.

Hver er mesta áhætta sem þú hefur tekið?

Ætli það sé ekki að hafa flutt til Los Angeles, ný orðinn tvítugur, til að læra leiklist. Það er jafnframt það skemmtilegasta og mest gefandi sem ég hef gert.

Hvaða frasi eða orð fer mest í taugarnar á þér?

Sumt fólk (þ.á.m. ég) ofnotar orðið ÞÚST og SKO og HÉDDNA. Það fer í taugarnar á mér þegar ég tek eftir því í mínu tali. Ekki jafn mikið hjá öðrum.

Hvað geturðu sjaldnast staðist eða ert góður í að réttlæta að veita þér?

Allt of margt. Það er vandamál.

Hvað er á döfinni hjá þér?

Ég var að ljúka sýningum á Shakespeare verður ástfanginn í Þjóðleikhúsinu. Þessa dagana er ég að kenna krökkum leiklist í Leynileikhúsinu og vinna í hinum ýmsu verkefnum með góðu samstarfsfólki. Þar á meðal er einstaklega spennandi kvikmyndaverkefni með nokkrum af mest spennandi listamönnum landsins.





www.blonduos.is

Leikskólakennarar

Leikskólinn Barnabær, auglýsir eftir leikskólakennurum í 100% stöður frá og með 6. ágúst 2020.

Barnabær er fjögurra deilda leikskóli með 64 nemendum og eru börnin frá 8 mánaða aldri til 6 ára aldurs. Deildirnar eru aldurskiptar og er elsti hópurinn staðsettur í öðru húsnæði. Mjög gott samstarf er við Blönduskóla. Á Barnabæ er verið að innleiða jákvæðan aga og gott samstarf er við leikskólana í nágrenninu. Verið er að vinna þróunarverkefnið „Mál og læsi, færni til framtíðar.“ Hæfniskröfur:

- Leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari
- Reynsla af uppeldis- og kennslustörfum æskileg
- Góð samskiptafærni
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi og faglegur metnaður

Umsóknarfrestur er til og með 30. apríl 2020, karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um. Áhugasamir hafi samband við Jóhannu G. Jónasdóttur, leikskólastjóra í síma 452 4530 eða á netfangið johanna@blonduos.is

Kjötiðnaðarmaður

SAH Afurðir ehf. óska eftir að ráða kjötiðnaðarmann í 100% starf.

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Vinna í kjötvinnslu við skurð, sultu, pökkun ofl.
 - Taka til pantanir
 - Yfirumsjón með reykhusi
 - Ýmis önnur tilfallandi verkefni
 - Menntunar- og hæfniskröfur:
 - Menntun og/eða reynsla á sviði kjötiðnaðar er kostur en ekki skilyrði
 - Nákvæm og vönduð vinnubrögð
 - Góð almenn tölvukunnátta
 - Sjálfstæði og reglusemi
 - Metnaður til að ná árangri í starfi
- SAH Afurðir ehf. var stofnað 1. janúar 2006 og byggja á traustum grunni Sölufélags A-Húsvetninga. Slátrað er sauðfé af svæði sem nær frá Kelduhverfi í austri til Dýrafjarðar í vestri, ásamt fé úr Borgarfirði og Dólum. Nautgripum og hrossum er slátrað eftir því sem framboð gefur tilefni til. Samhliða rekstri slátruhúss er rekin kjötvinnsla sem stofnuð var 1963, þar sem megináherslan er lögð á grófvinnslu fyrir aðrar kjötvinnslur.

Nánari upplýsingar veittar í síma 455 2200 eða á netfanginu vala@sahun.is - móttaka umsókna er á sama netfangi.

Vefforritari

Etix Everywhere Borealis óskar eftir að ráða viðmóts- og vefforritara með reynslu af tengingum við JSON vefþjónustur, SQL og time series gagnagrunna. Æskilegt að viðkomandi hafi þekkingu og reynslu af netkerfum og vélbúnaði. Einnig óskum við eftir að ráða handlaginn einstakling í hlutastarf til að sinna ýmsum verkefnum. Starfsstöð er í gagnaveri félagsins við Fálkagerði á Blönduósi.

Umsóknir ásamt ferilsskrá skal senda á marcel.mendesacosta@etixgroup.com

Yfirhjúkrunarfræðingur hjúkrunarsviðs

Heilbrigðisstofnun Norðurlands Blönduósi auglýsir lausa stöðu yfirhjúkrunarfræðings á hjúkrunarsviði. Starfshlutfall er 100% og starfið veitist frá og með 1. apríl 2020.

Hjúkrunarfræðingur

Heilbrigðisstofnun Norðurlands óskar eftir að ráða hjúkrunarfræðing til starfa á hjúkrunardeild HSN Blönduósi.

Starfsmaður í eldhús

- sumarafleysing

Heilbrigðisstofnun Norðurlands Blönduósi óskar eftir að ráða starfsmann í eldhús í sumarafleysingar.

Sjúkraflutningamaður

- sumarafleysing

Heilbrigðisstofnun Norðurlands Blönduósi óskar eftir að ráða sjúkraflutningamann í sumarafleysingar. Í starfinu felst einnig húsumsjón.

Sjúkraliðar

- sumarafleysingar

Heilbrigðisstofnun Norðurlands Blönduósi óskar eftir að ráða sjúkraliða í sumarafleysingar.

Hjúkrunarfræðingur

- sumarafleysingur

Heilbrigðisstofnun Norðurlands Blönduósi óskar eftir að ráða hjúkrunarfræðinga í sumarafleysingar.

Starfsmenn í aðhlyningu

- sumarafleysingur

Heilbrigðisstofnun Norðurlands Blönduósi auglýsir laust starf við aðhlyningu í sumarafleysingum.

Móttökuritari

- sumarafleysingur

Heilbrigðisstofnun Norðurlands Blönduósi óskar eftir að ráða móttökuritara í sumarafleysingar.

Starfsmenn í býtibúr

- sumarafleysingur

Heilbrigðisstofnun Norðurlands Blönduósi auglýsir laust starf í býtibúri í sumarafleysingum.

Starfsmaður við ræstingu

- sumarafleysingur

Heilbrigðisstofnun Norðurlands Blönduósi óskar eftir að ráða starfsmann við ræstingu í sumarafleysingar.

Nánari upplýsingar um ofantalin störf má finna á www.hsn.is eða www.starfatorg.is

Blönduósbær

- fjöldi nýrra og spennandi tækifæra

Blönduós er helsta þjónustumiðstöð landbúnaðar og ferðamennsku á Norðurlandi vestra. Staðsett á einu stórbrotnasta bæjarstæði landsins, umvafin falletgri náttúru. Blönduós er kraftmikið vaxarsvæði með öflugri uppbyggingu iðnaðar, íbúðarhúsnæðis og þjónustu við barnafjölskyldur.

Staðsetning Blönduóss í einstakri náttúru mitt á milli höfuðborgarinnar og Akureyrar, býður upp á mikla möguleika, jafnt í afþreyingu sem og ferðamennsku og iðnaði. Fáir staðir á Íslandi vaxa nú jafnt hratt og því er framtíðin björt við Blönduós.

Pípulagningamaður

Pípari óskast til starfa hjá N1 Píparanum á Blönduósi.

Upplýsingar veitir Jón í síma 868 6066 eða Guðmundur í síma 898 8489. Umsóknir sendist á n1pip@simnet.is

Rafvirki

Tengill ehf. óskar eftir að ráða rafvirkja á starfsstöð fyrirtækisins Blönduósi. Tengill er með starfsstöðvar á Sauðárkróki, Blönduósi, Hvammstanga, Akureyri og Reykjavík og tæplega 70 manns vinna hjá Tengli.

Áhugasamir vinsamlegast sendið umsókn og upplýsingar á netfangið gisli@tengillehf.is eða hafið samband í síma 455 9201 / 858 9201.

Pósturinn

Pósturinn leitar að kraftmiklum og ábyrgðarfullum landpósti á Blönduósi. Landpóstur sér um flokkun og dreifingu bréfa og annarra sendinga sem falla inn í dreifikerfið í dreifibýli, þ.e. lögbýli og jafnvel minni þéttbýliskjarna. Vinnutíminn er á frá 08:00 til 16:15 alla virka daga og þarf viðkomandi að geta hafið störf 1. apríl 2020. Bílpróf er skilyrði.

Umsóknarfrestur er til og með 17. febrúar 2020. Opð er fyrir umsóknir á www.postur.is. Öllum umsækjendum verður svarað og farið er með umsóknir sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar veitir Erla Ísafold Sigurðardóttir stöðvarstjóri á netfanginu erlasi@postur.is

Fasteignir á Blönduósi til sölu:

Heimilisfang:	Húsgerð:	Herb.:	Stærð fm ² :	Verð:
Aðalgata 1	Fjórbyli	13	301,9	Tilboð
Aðalgata 3A	Einbyli	6	133,4	19.700.000
Aðalgata 8	Fjölbýlishús	4	111,4	12.300.000
Aðalgata 8 e.h.	Fjölbýlishús	4	161,0	Tilboð
Hlíðarbraut 4	Einbýlishús	4	207,4	38.000.000
Hlíðarbraut 10	Einbýlishús	6	134,0	42.900.000
Hlíðarbraut 17	Einbýlishús	4	184,9	44.900.000
Húnabraut 22 n.h.	Sérhæð	4	140,8	20.900.000
Húnabraut 22 e.h.	Sérhæð	4	131,0	11.000.000
Húnabraut 40	Sérhæð	4	128,3	25.900.000
Melabraut 13	Einbyli	5	222,9	35.900.000
Smárabraut 19-27	Raðhús, nýbygging	3-4	77,2-89,8	frá 29.900.000
Sunnubraut 13-17	Raðhús, nýbygging	3	95,2-122,9	frá 35.900.000
Blöndubýggð 5	Sérbyli og gestahús	4	172,5	26.000.000
Skúlabraut 43	Raðhús	6	140,4	29.500.000

Blönduósbær stefnir á að verða heilsueflandi samfélag

Úr glamúr í fortíð grimmdar

Athafnakonan Manuela Ósk Harðardóttir og samkvæmisdansarinn Jón Eyþór Gottskálksson vöktu verðskuldaða athygli í þáttunum All-ir geta dansað. Þótt þau hafi ekki borið sigur úr býtum náðu þau að vinna hjarta hvort annars og eru nú par.

Til að hvíla lúin bein eftir mikla törn í dansþættinum ákváðu þau Manuela og Jón að fara saman í rómantíska paraferð til Kraká í Póllandi. Ferðin byrjaði reyndar á því að flugi þeirra var frestað en fall er fararheill og loks komust turtildúfurnar á leiðarenda.

Það var Manuela sem fékk að ráða áfanga- staðnum því hún vildi heimsækja útrým- ingarbúðirnar í Auschwitz þar sem rúmlega milljón gyðinga mætti örlögum sínum á grimmilegan hátt í seinni heimsstyrjöldinni. Búðirnar eru staðsettar um sextíu kílómetra vestur af Kraká og eru vinsæll ferðamanna- staður þótt fortíðin sé dimm.

Það má með sanni segja að heimsókn í búðirnar hafi haft djúpstæð áhrif á Manu- elu og kvað hún svo að orði á Instagram við mynd af gasklefa: „Ein mesta hryllingstil- f- inning sem ég hef upplifað að standa inni þessum gasklefa.“



Nýr tónn

Söngkonan og Söngva- keppnistjarnan Kar- itas Harpa Davíðsdóttir undirbýr nú útgáfu nýrrar plötu en aðeins er tæp- ur mánuður þar til fyrsta lagið af plötunni kemur inn á efn- isveitur. Um er að ræða efni úr annarri átt en Karitas er þekkt fyrir, en hún hefur gert garðinn frægan í poppinu síð- an hún bar sigur úr býtum í hæfileikakeppn- inni The Voice árið 2017. „Al- gjörlega nýtt sound, nýr stíll, allt nýtt en aldrei verið meira ég,“ skrifar Karitas á Instagram.



Lítt þekkt ættartengsl

Verðlaunadís og stjórnáráðgjafi

Það hefur líklega ekki farið fram hjá nein- um Íslendingi að tón- skáldið Hildur Guðna- dóttir hlaut Óskarsverðlaunin um síðustu helgi. Með Hildi í för við þessa hátíðlegu athöfn var móðir hennar, söng- og fjölmíðlakonan Ingveldur Guðrún Ólafsdóttir. Ingveldur er gift Jóhanni Haukssyni, sem vann lengi sem blaðamaður, til dæmis á DV, og var upp- lýsingafulltrúi ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur. Ingveldur og Jóhann gengu í það heilaga fyrir nokkrum árum og eiga samtals fjögur börn auk Hildar.



-FEBRÚAR-

TRÍÓ

ÞESSAR ÞRIJAR ERU NÚ Á SJÓÐHEITU TILBOÐSVERÐI!

STÓR

PIZZA-

HEIMAN

PANTAÐ Á NETINU EÐA MEÐ APPINU OG GREITT FYRIRFRAM

EIN STÓR PIZZA Á

1.790 KR.

AÐEINS EF ÞÚ PANTAR Á NETINU EÐA MEÐ APPINU, GREIÐIR FYRIRFRAM OG SÆKIR

TILBOÐS-PIZZUR!

SKINKA, ANANAS, BEIKONKURL OG AUKAOSTUR

BAHAMAS

SVEPPIR, SPÍNAT, DÖÐLUR, RAUÐLAUKUR, RJÓMAOSTUR OG SVARTUR PÍÐR

BAZAAR

PEPPERONI, SKINKA, JALAPENO, SVEPPIR, HVÍTLAUKUR, RJÓMAOSTUR OG SVARTUR PÍÐR

SURPRISE

DOMINOS.IS | DOMINO'S APP